

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1975
REYKJAVÍK 1976

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Yfirlit um þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	8
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál	14
Þróun ríkisfjármála	22
Þróun peningamála	27
Starfsemi fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða	32
Yfirlit yfir lánamarkaðinn	38
Gengismál	42
Erlend mál og samningar	45
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	48
Rekstur bankans og ýmis starfsemi	54
Stjórn bankans og starfslíð	59
Reikningar 1975	62
Efnahagur 31. desember 1975	62
Rekstrarreikningur árið 1975	64
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. desember 1975	66
Tölflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	68

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	68
2. tafla. Verðlag og kaupgjald	68
3. tafla. Fjármunamyndunin	69
4. tafla. Magn og verðvísitölur sjávarafurðaframleiðslu	69
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1969—1973	70
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1972—1973	71
7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	72
8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	73
9. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka	73
10. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	73
11. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	74
12. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkisins	75
13. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	75
14. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	76
15. tafla. Seðlar og mynt	76
16. tafla. Skipting seðlamagnsins á seðlastærðir í árslok	77
17. tafla. Skipting myntar eftir myntstærð í árslok	77
18. tafla. Ávísanaskipti	77
19. tafla. Úr peningamálum	78
20. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	79
21. tafla. Innlán og útlán viðskiptabanka, sparisjóða og innlánsdeilda kaupfélaga	80
22. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	81
23. tafla. Skipting spariinnlána í árslok hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum eftir innlánsformum	81
24. tafla. Inn- og útlán innlánsstofnana	82
25. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	83
26. tafla. Greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða 1975	84
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	86
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	86
29. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	87
30. tafla. Úr reikningum lánastofnana	87
31. tafla. Útlánaflokkun lánastofnana	88
32. tafla. Vaxtakjör og bindiskyldureglur	89
33. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1969—1975	90
34. tafla. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla samkv. skráningu Seðlabankans	94

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

YFIRLIT UM ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

**Erfið ytri skilyrði,
versnandi
viðskiptakjör**

Í upphafi ársins 1975 var einkum við tvíþættan vanda að fást í þjóðarbúskap Íslendinga, öra verðbólgu og óhagstæðan greiðslujöfnuð. Áttu þessi vandamál rætur að rekja bæði til óhóflegrar aukningar innlendrar eftirspurnar á árunum 1973 og 1974 og ört versnandi viðskiptakjara. Efnahagsþróunin erlendis hafði orðið Íslendingum þung í skauti á árinu 1974, þar sem á eina sveif lagðist hækkun olíuverðs, almenn verðbólga og samdráttur eftirspurnar erlendis. Fór af þessum ástæðum saman ört hækkandi innflutningsverðlag á aðra hlið, en lækkandi verðlag og sölutregða á mikilvægum flokkum íslenskra útflutningsafurða á hina. Áframhald varð á þessari þróun fram eftir árinu 1975, og rýrnuðu viðskiptakjörin að meðaltali um 15% milli áranna 1974 og 1975.

Á síðara helmingi ársins fóru loks að koma fram merki efnahagsbata í umheiminum, einkum Bandaríkjunum, sem eru mikilvægasta markaðsland Íslendinga. Dró eftir það smám saman úr rýrnun viðskiptakjara, og á síðasta ársfjórðungnum fóru að sjást fyrstu greinilegu merkin um hækkandi verðlag og greiðari sölu á íslenskum útflutningsafurðum.

**Lækkandi
þjóðartekjur**

Hin óhagstæða þróun viðskiptakjara og útflutningsverzlunar þrengdi mjög að þjóðarbúskapnum á árinu, og þótt raunveruleg innlend eftirspurn minnkaði um rúm 8%, nægði það ekki til þess að bæta viðskiptahallann við útlönd að neinu ráði. Hins vegar minnkaði þjóðarframleiðsla á föstu verðlag um 2,3%, en þjóðartekjur um 6,5%, og hefur þá verið tekið tillit til rýrnunar viðskiptakjara.¹⁾

Á fyrra helmingi ársins 1975 var gripið til margvíslegra ráðstafana í efnahagsmálum, er höfðu þann tilgang að hamla gegn versnandi viðskiptajöfnuði. Í þessu skyni þurfti annars vegar að bæta hag útflutningsatvinnuveganna, sem orðið höfðu fyrir þung-

¹⁾ Sjá neðanmálsathugasemd á bls. 8.

**Hóflegir
launasamningar**

um áföllum vegna lækkandi verðlags erlendis og innlendra kostnaðarhækkana, en hins vegar að draga úr innflutningi með takmörkun innlendra eftirspurnar. Í febrúar reyndist nauðsynlegt í þessu skyni að lækka gengi krónunnar um 20%, en reynt var að tryggja árangur þessarar aðgerðar með samræmdum aðgerðum í fjármálum ríkisins, peningamálum og kjaramálum.

Fyrstu áhrif gengisbreytingarinnar hlutu að koma fram í verulegri hækkun innlands verðlags, enda hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 14,5% frá 1. febrúar til 1. maí. Árangur gengisbreytingarinnar fyrir afkomu útflutningsatvinnuveganna og viðskiptajöfnuðinn við útlönd var þess vegna háður því, að komið yrði í veg fyrir víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags, er eyddu áhrifum hennar. Í þessum efnum náðist mikilsverður árangur með hófsamlegum launasamningum í marz og júní, sem m. a. fólu í sér, að launþegar sættu sig við verulega kjarskerðingu, sem nauðsynleg var til þess að hafa hemil á innlendri eftirspurn og tryggja afkomu atvinnuveganna. Stuðlaði ríkisvaldið á ýmsan hátt að þessari samningagerð, m. a. með lækkun beinna skatta af almennum launatekjum.

Þessi þróun kjaramála réð úrslitum um þróun eftirspurnar og verðlags á árinu. Eftir að fyrstu áhrif gengisbreytingarinnar voru komin fram, hægði smám saman á verðbólgunni, og urðu verðhækkanir helmingi minni á síðari árshelmingi en hinum fyrri. Undir lok ársins var verðbólguhraðinn kominn niður fyrir 15% á ársgrundvelli.

Í fjármálum og peningamálum var að því stefnt að beita ströngu aðhaldi án þess þó að stefna atvinnustiginu í alvarlega hættu. Í þessum efnum varð árangurinn að ýmsu leyti minni en vonir stóðu til. Fljótlega kom í ljós, að þróun ríkisfjármálanna yrði mun óhagstæðari en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir, jafnframt því sem ríkissjóður tók á sig verulegan viðbótarvanda vegna skattalækkana og niðurgreiðslna. Þrátt fyrir nýja tekjuöflun og ákvarðanir um niðurskurð útgjalda hélt staða ríkissjóðs áfram að versna, eftir því sem á árið leið, og jukust skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann um rúma 6 milljarða króna á árinu í heild.

**Skuldaaukning
ríkissjóðs**

Sé þessi skuldaaukning ríkissjóðs við Seðlabankann undanskilin, verður hins vegar að telja, að viðunandi aðhald hafi náðst í útlánum bankakerfisins á árinu. Kom þar m. a. til, að lausafjárstaða innlánsstofnana var afarþröng í upphafi ársins og áframhaldandi gjaldeyrisútstreymi hélt aukningu peningamagns í skefjum. Í febrúar gerðu Seðlabankinn og viðskiptabankarnir með sér samkomulag um takmörkun útlána, sem síðan var framlengt tvisvar á árinu og gilti til áramóta. Samkvæmt því átta almennt útlán viðskiptabankanna ekki að hækka um meira en

**Minni útlánaaukning
innlánsstofnana**

13,5%, en þau hækkuðu í reynd um 15,3%, sem þó er mun betri árangur en náðst hefur með samningum um útlánamarkmið undanfarin ár. Í heild varð útlánaaukning innlánsstofnana á árinu 1975 nærri því helmingi minni en árið áður. Tvennt dró hins vegar verulega úr eftirspurnarhrifum þessarar útlánastefnu, annars vegar greiðsluhalli ríkissjóðs, sem þegar hefur verið rætt um, en hins vegar tvöföldun á útlánum fjárfestingarlánasjóða miðað við árið á undan.

Sé litið á þróun efnahagsmála í heild á árinu 1975, verður ekki annað sagt en að drjúgur árangur hafi náðst í þeirri viðleitni stjórnvalda að aðlaga útgjöld þjóðarinnar minnkandi ráðstöfunartekjum. Heildarútgjöld þjóðarbúsins á föstu verðlagi lækkuðu á árinu um hvorki meira né minna en 8,4%, en sú lækkun var öll að þakka minni útgjöldum einstaklinga og fyrirtækja. Þannig minnkaði einkaneyzla um 11%, en fjárfesting atvinnuveganna um 21%. Hins vegar varð um 16% aukning á opinberum framkvæmdum.

Þrátt fyrir hinn mikla samdrátt innlendra eftirspurnar, sem knúinn var fram á árinu 1975, brugðust vonir manna um batnandi viðskiptajöfnuð við útlönd að mestu. Orsakirnar voru hins vegar fyrst og fremst rýrnandi útflutningstekjur vegna óhagstæðrar verðþróunar erlendis. Viðskiptahallinn við útlönd í árslok var því enn meginvandinn, sem við var að fást í efnahagsmálum Íslendinga.

Samdráttur framleiðslu og tekna




FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Efnahagslegur samdráttur og versnandi viðskiptakjör einkenndu þróun þjóðarþúsakaparins árið 1975, eins og greint hefur verið frá í kaflanum hér að framan. Þjóðarframleiðsla minnkaði um 2,3% að raunverðmæti, en rýrnun viðskiptakjara varð til þess, að þjóðartekjur lækkuðu enn meira, eða um 6,5%¹⁾.

Hina miklu efnahagsferfiðleika á árinu 1975 má rekja öðru fremur til óhagstæðrar þróunar út- og innflutningsverðlags, sem hófst 1974. Verðlag útflutningsafurða hafði hækkað ört á erlendum mörkuðum 1973 og náð hámarki snemma árs 1974. Eftir það lækkaði það jafnt og þétt, unz það var orðið 22% lægra á þriðja ársfjórðungi 1975 en á fyrsta ársfjórðungi 1974. Varð þessi verðlækkun til að skerða mjög rekstrarstöðu sjávarútvegs, og jók það enn á erfiðleikana, að einnig gætti sölutregðu á útfluttum sjávarafurðum. Undir lok ársins virtist þróunin byrja að taka nýja stefnu, og á fjórða ársfjórðungi hækkaði útflutningsverð lítið eitt, og jafnframt rýmkaðist um sölu sumra helztu útflutningsafurðanna.

Um svipað leyti og útflutningsverð tók að lækka, kom til mikillar hækkunar á verði innflutnings. Snemma árs 1974 margfaldaðist olía í verði, og gætti þess fljótlega í innflutningsverði þeirrar vöru. Einnig kom til mikil hækkun á innflutningsverði almennt, þar sem mikil verðbólguvalda gekk yfir viðskiptaþjóðir okkar um þetta leyti. Mun verðlag almenns innflutnings hafa hækkað um 19% í erlendri mynt frá fyrsta ársfjórðungi 1974 til fjórða ársfjórðungs 1975.

¹⁾ Hér og annars staðar í þessari skýrslu er miðað við raunbreytingar þjóðhagsstærða á föstu verðlagi ársins 1969. Sé breyting þjóðarframleiðslu og tekna 1975 reiknuð á verðlagi ársins 1974, hefur þjóðarframleiðsla minnkað um 3,9% og þjóðartekjur um 8,0%. Stafar mismunurinn af því, að verðhlutföll einstakra þátta framleiðslu og tekna hafa breytt frá 1969, sérstaklega í út- og innflutningi. Við almennt mat á breytingum þjóðhagsstærða frá ári til árs má telja eðlilegt að miða við magnbreytingu á verðlagi ársins áður, en sé lítið yfir lengri tíma, er fast verðlag ákveðins árs raunhæfari mælikvarði.



**Stöðnun útflutnings-
framleiðslu og
innlend
samdráttaráhrif**

Viðskiptakjörin, þ. e. hlutfall útflutningsverðlags og innflutningsverðlags, rýrnuðu að meðaltali um 15% frá 1974 til 1975, en höfðu rýrnað um 10% frá 1973 til 1974. Þessi meðaltöl segja þó ekki alla söguna, því að viðskiptakjörin fóru hraðversnandi frá ársbyrjun 1974 og rýrnuðu um 24% frá fyrsta til fjórða ársfjórðungs, og frá fjórða ársfjórðungi 1974 til fjórða ársfjórðungs 1975 versnuðu þau enn um 12%.

Framleiðsla sjávarafurða jókst um 2%, og var það hvergi nærri nægilegt til að jafna hina erlendu verðlækkun. Lækkun útflutningstekna var ein meginorsök þess, að viðskiptajöfnuður versnaði og stjórnvöld urðu að grípa til aðhaldsaðgerða gagnvart innlendri eftirspurn til að stuðla að jöfnuði. Áætlað er, að þetta hafi orðið til þess, að þjóðarútgjöld minnkuðu um 8,4% árið 1975 frá árinu áður. Þrátt fyrir minni þjóðarútgjöld tókst ekki að minnka viðskiptahallann eins og stefnt var að í upphafi árs. Reyndist hann vera 11,5% af vergri þjóðarframleiðslu 1975, borið saman við 11,3% 1974.

**Jöfnuður viðskipta
við útlönd**

Þessi samanburður gerir þó breytingunni á grundvallarjöfnuði erlendra viðskipta ekki nægileg skil. Ef óleiðréttur viðskiptahalli árána 1974 og 1975 er borinn saman á meðalgengi ársins 1975, reynist hann hafa lækkað úr 24,3 milljörðum króna 1974 í 21,4 milljarða króna 1975 eða um 2,9 milljarða króna. Þá ber að geta þess, að mikill halli varð á utanríkisviðskiptum álbræðslunnar 1975; álútflytningur minnkaði og innflutningur rekstrarvara álversins stórvókst. Ef áhrif álbræðslunnar á viðskiptajöfnuð eru tekin út úr dæminu, er batinn á viðskiptajöfnuði milli árána 1974 og 1975 4,7 milljarðar króna. Frá þessu er nánar greint í kaflanum um greiðslujöfnuð hér á eftir.

Sjávarafli

Sjávarafli jókst nokkuð eða úr 939 þús. tonnum 1974 í 984 þús. tonn 1975. Mest jókst loðnaafli, úr 465 þús. tonnum 1974 í 500

Út- og innflutningsverð¹⁾
Viðskiptakjör
 (1972 = 100)

	<i>Útflutnings- verð²⁾</i>	<i>Innflutnings- verð³⁾</i>	<i>Viðskipta- kjör</i>
1973:			
Ársmeðaltal	132	114	115
1974:			
1. ársfjórðungur	172	140	123
2. ársfjórðungur	156	154	101
3. ársfjórðungur	160	159	101
4. ársfjórðungur	153	162	94
Ársmeðaltal	159	153	104
1975:			
Fyrri árshelmingur	144	161	89
2. ársfjórðungur	139	165	84
3. ársfjórðungur	134	161	83
4. ársfjórðungur	138	167	83
Ársmeðaltal	141	160	88

¹⁾ Í erlendri mynt.

²⁾ Verð alls vöruútflutnings.

³⁾ Verð almenns vöruinnflutnings.


Landbúnaður

þús. tonn 1975, og afli á þorskveiðum, úr 417 þús. tonnum í 419 þús. tonn. Stafaði síðarnefnda aukningin eingöngu af fjölgun togara, er juku aflla sinn úr 156 þús. tonnum 1974 í 179 þús. tonn 1975 þrátt fyrir tveggja mánaða togaraverkfall um vorið. Talið er, að árið 1975 hafi landbúnaðarframleiðslan dregið nokkuð saman eða um 2,5—3% frá fyrra ári. Stafar þetta einkum af minni mjólkurframleiðslu, en seld mjólk til mjólkurbúa minnkaði úr 116.000 tonnum 1974 í 111.500 tonn 1975. Á móti kom veruleg aukning framleiðslu kindakjöts, úr 13.500 tonnum 1974 í 14.700 tonn 1975.

Iðnaður og verzlun

Áætlað er, að iðnaðarframleiðsla hafi staðið nokkurn veginn í stað á árinu 1975, þrátt fyrir mikinn samdrátt álframleiðslu, en hún minnkaði um 14%, úr 68.400 tonnum í 59.000 tonn 1975, vegna erfiðra aðstæðna á heimsmarkaði. Framleiðsla kísilgúrs minnkaði einnig eða úr 24.700 tonnum 1974 í 21.400 tonn 1975. Annar iðnaður en álframleiðsla virðist hafa aukizt um 2% árið 1975. Iðnaðarframleiðsla til útflutnings hefur hins vegar aukizt talsvert eða um 11%. Afkoma iðnaðar hefur orðið

Innlend verðmætaráðstöfun	<p>áþekk og 1974, en nokkru lakari en hún varð 1973. Hins vegar batnaði afkoma útflutningsiðnaðar annað árið í röð.</p> <p>Talsvert virðist hafa þrengzt að starfsemi verzlunar á árinu 1975. Má rekja það til minni innflutnings, en einnig til örra verðhækkana, sem rýrðu veltufé verzlunarinnar. Áætlað er, að veltumagn heildverzlunar hafi dregizt saman um 15 %, en smásöluverzlunar um 8 %.</p> <p>Innlend verðmætaráðstöfun minnkaði um 8,4 % 1975, en hafði aukizt um 10,4% árið 1974. Samdráttur þessi stafaði af minni einkaneyzlu og fjármunamyndun en árið á undan. Samneyzla jókst hins vegar lítillega.</p>
Einkaneyzla	<p>Einkaneyzla minnkaði um 11 % vegna lækkandi kaupmáttar ráðstöfunartekna. Kom samdrátturinn einkum fram í minni kaupum á varanlegri neyzluvöru, og minnkaði t. d. innflutningur nýrra einkabifreiða úr 9.463 bifreiðum 1974 í 3.048 1975. Skeiðing einkaneyzlunnar hefur þó ekki orðið hlutfallslega eins mikil og lækkun rauntekna, þar sem gengið var á einkasparnað til að hamla gegn lífskjaryrminni, eins og einatt gerist á samdráttartímum.</p>
Samneyzla	<p>Samneyzla jókst um 2% á árinu 1975, en undanfarin ár hafði hún vaxið um 5—6% á ári, og hafði vöxturinn verið nokkuð stöðugur.</p>
Fjármunamyndun	<p>Fjármunamyndun er talin hafa minnkað um 8,2% árið 1975. Mest minnkuðu atvinnuvegaframkvæmdir, einkum fjárfesting í innfluttum fiskiskípum og flugvélum. Nokkur samdráttur varð jafnframt í öllum almennum atvinnuvegaframkvæmdum. Mikil aukning varð í virkjunarframkvæmdum, og voru þær framkvæmdir nær tvöfaldar árið 1975 á við árið áður. Úr íbúðarhúsaframkvæmdum (að frátöldum Viðlagasjóðshúsum) dró um 4%, og er þar að sjá merki hins almenna samdráttar í efnahagslífinu, en einnig varð lítið framboð lóða á höfuðborgarsvæðinu til að draga úr byrjunarframkvæmdum við íbúðabyggingar. Upplýsingar um byggingarstarfsemi gefa til kynna, að íbúðabyggingarstarfsemi 1975 hafi í auknum mæli beinzt að áframhaldandi vinnu við byggingar, sem þegar voru hafnar. Aukning opinberra framkvæmda var fyrst og fremst vegna virkjunarframkvæmda, sem áður er getið, en aðrar framkvæmdir dróguust allmikið saman, þar sem mjög þrengdi að opinberum fjárhag.</p>
Birgðabreytingar	<p>Miklar breytingar urðu á birgðum útflutningsvara og bústofns á árinu. Alls jukust birgðir um 3,9 milljarða króna á gengu verði, en þar af voru nær 3,8 milljarðar króna vegna álverksmiðjunnar. Birgðir sjávarafurða minnkuðu um 300 m. kr., en birgðir landbúnaðarafurða til útflutnings jukust um 460 m. kr.</p>



Vinumarkaðurinn

Eftirspurn eftir vinnuafli dróst nokkuð saman á árinu 1975, en þó jókst meðaltal atvinnulausra aðeins úr 0,4% af vinnuafli 1974 í 0,7% 1975, sem má telja mjög litla aukningu, þegar mið er tekið af samdrætti þjóðarframleiðslunnar. Hefur hér tekizt betur til en víða í nálægum löndum, þar sem atvinnuleysi 1975 var meira en nokkru sinni frá dögum heimskreppunnar á fjórða áratug aldarinnar. Hins vegar bera upplýsingar Kjararannsóknarnefndar með sér, að eftirvinna minnkaði talsvert, og hefur því dregið úr spennu umframeftirspurnar eftir vinnuafli á árinu. Einkum á þetta við byggingariðnað og aðrar framkvæmdagreinar, þar sem samdráttur er jafnan mestur, þegar þjóðarframleiðsla fer minnkandi. Fjölgun fólks á atvinnualdri var rúmlega 2%, sem er álíka hlutfall og undanfarin tvö ár.

Kauptaxtar og atvinnutekjur

Kauptaxtar allra launþega hækkuðu um 27% að meðaltali árið 1975 frá árinu áður, en 1974 var hækkunin 48%. Ekki var um teljandi vísitöluhækkunir launa að ræða á árinu 1975 eða aðeins eina vísitöluhækkun í nóvember, er nam 0,6%. Launahækkunin á árinu fólst því að mestu í umsömdum taxtahækkunum, en þær urðu mestar í marz og júní, er almennir kjarasamningar voru gerðir.

Þrátt fyrir ofangreindar kauphækkunir 1975 varð veruleg minnkun á rauntekjum, þegar tekið er tillit til hækkunar verðlags. Þannig minnkaði kaupmáttur atvinnutekna um 17% frá 1974, en árið áður hafði hann hækkað um 6%.

Verðbólga; þróun og orsakir

Á árinu 1975 hækkaði verðlag um 38%, mælt með verðvísitölu þjóðarframleiðslu, en sá verðmælikvarði er víðtækastur allra og sýnir meðalhækkun verðlags frá 1974 til 1975. Samsvarandi hækkun fyrir 1974 er 41,0%. Tölur þessar gefa þó ekki fullkomna mynd af þróuninni, þar sem miklar breytingar urðu á hraða verðbólgunnar á þessum tveimur árum. Áttu þær rót sína að rekja til þriggja höfuðþátta: (1) Kauphækkana í marz 1974 og

marz og júní 1975; (2) Gengislækkana í september 1974 (17%) og febrúar 1975 (20%); (3) Hækkunar innflutningsverðlags í erlendri mynt, sem varð mest á árinu 1974, en einnig allmikil 1975. Samverkan þessara þátta varð til þess, að verðbólgan kom í þrem stórum stökkum á árunum 1974 og 1975, í febrúar—apríl 1974 (19%), ágúst—nóvember (18%) og febrúar—apríl 1975 (14%), en í þessum tölum er miðað við vísitölu neyzluvöruverðs. Frá apríllökum dró verulega úr verðbólgunni og er ætlað, að við árslok 1975 hafi árshraði hennar aðeins verið um 15%.

Ekki verður greint hér frá þróun útlána bankakerfisins og grunnfjárukningu, en því eru gerð skil í kaflanum um peningamál hér á eftir. Á árinu 1974 var stórfelld aukning útlána mikilvæg orsök umframeftirspurnar eftir vöru og þjónustu, sem aftur leiddi til mikilla verðhækkana. Á árinu 1975 tókst hins vegar betur að hafa hemil á útlánum bankakerfisins og draga þar með úr áhrifum peningakerfisins á umframeftirspurn og verðbólgu.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

Óhagstæður heildar- greiðslujöfnuður

Bráðabirgðatölur þær, sem fyrir liggja um afkomu þjóðarbúsins út á við á árinu 1975, sýna, að greiðslujöfnuður við útlönd varð í heild óhagstæður um 4.800 m.kr. Þrátt fyrir mjög mikinn fjármagnsinnflutning, en áætlað er, að fjármagnsjöfnuður hafi orðið hagstæður um 16.675 m.kr. Hallinn á heildargreiðslujöfnuði á árinu 1975 var að fullu jafnaður með aukningu á erlendum skuldum Seðlabankans, einkum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þar sem ekki þótti fært öryggis vegna, að gjaldeyrisforðinn lækkaði frekar en varð á árinu 1974, en þá var hallinn á heildargreiðslujöfnuði, sem nam 8.760 m.kr., reiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1975, að langmestu leyti jafnaður með rýrnun gjaldeyrisforðans.

Þróun heildar- viðskiptajafnaðar

Viðskiptajöfnuður varð óhagstæður um 21.380 m.kr. á árinu 1975, en árið áður varð hann óhagstæður um 24.300 m.kr., umreiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1975, og er þá hallinn á viðskiptajöfnuði samkvæmt því rúmlega 2.900 m.kr. minni en 1974. Þegar viðskiptajöfnuður einstakra ára er borinn saman, þarf að hafa í huga, að oft er mikill munur frá einu ári til annars, bæði að því er varðar breytingar á birgðum útflutningsvara, og eins eru oft miklar sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Á árinu 1975 jókst verðmæti útflutningsvörubirgða um 1.970 m.kr., en árið áður nam aukningin 3.310 m.kr. Á árinu 1975 varð óvenjumikil aukning á innfluttu hráefni til álbræðslu, og nam birgðaaukningin 1.740 m.kr. á móti 630 m.kr. árið áður. Birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðalútflutnings- og innflutningsverði hvors árs, en tölur beggja ára eru reiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1975. Sé viðskiptajöfnuður áranna 1974 og 1975 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða ásamt birgðabreytingu hráefna til álbræðslu og sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnaðar milli ára miðað við þriggja ára meðaltal, verður útkoman sú, að viðskiptahalli á árinu 1975 hafi orðið um 800 m.kr. minni en árið áður.

Á árinu 1975 varð mikil birgðaaukning hjá álbræðslunni, bæði útflutningsvörum og innfluttu hráefni, og einnig varð

**Bati á viðskipta-
jöfnuði að
undanskildum
viðskiptum vegna
álbræðslu**

nokkur aukning frá fyrra ári á þjónustugjöldum. Hefur þetta haft mikil áhrif á þróun viðskiptajafnaðar í heild. Ef viðskipti vegna álbræðslunnar eru undanskilin árin 1974 og 1975, reynist viðskiptahalli á árinu 1974 vera 22.320 m.kr., en 17.635 m.kr. 1975, hvort tveggja reiknað á meðalgengi ársins 1975, og nemur því bati á viðskiptajöfnuði 4.685 m.kr., sem er um fimmti hluti af viðskiptahalla ársins 1974. Gefur það nokkuð raunhæfa mynd af þróun viðskiptajafnaðar á árinu 1975, þegar viðskipti vegna álbræðslunnar eru undanskilin.

**Verðmæti útflutnings-
framleiðslu**

Verðmæti útflutningsframleiðslunnar í heild rýrnaði um tæp 10% frá árinu áður reiknað á föstu gengi. Ef álframleiðsla er undanskilin, en verðmæti hennar rýrnaði um rúm 16%, nam rýrnun annarrar útflutningsframleiðslu 8,5%. Áætlað er, að útflutningsverðlag hafi lækkað að meðaltali um 11% á árinu 1975 miðað við fast gengi. Magnaukning í framleiðslu sjávarafurða er talin hafa verið um 2% á árinu, en magnrýrnun álframleiðslu tæp 14%.

**Rýrnun
útflutningsverðmætis**

Heildarverðmæti vöruútflutnings á árinu 1975 varð 47.440 m.kr. á meðalgengi ársins, og er það tæplega 8% rýrnun frá fyrra ári, þegar útflutningsverðmæti ársins 1974 er umreiknað á meðalgengi ársins 1975. Ef útflutningur á áli er undanskilinn, en útflutningsverðmæti þess lækkaði um tæp 33% miðað við árið áður, nam verðmætisrýrnun annarra útfluttra vara 3,6% frá árinu áður.

Útflutningur helztu vörflokka

(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1975)

	1971	1972	1973	1974	1975
Sjávarafurðir	21.433	23.174	33.247	38.449	37.339
Landbúnaðarafurðir	775	971	1.326	1.477	1.374
Iðnaðarvörur	3.102	6.868	10.023	10.216	8.056
Þar af ál	1.721	5.109	7.694	7.487	5.047
Aðrar vörur	231	397	518	1.260	668
Útflutningur, alls	25.541	31.410	45.114	51.402	47.437

Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vörflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar á meðalgengi ársins 1975. Verðmæti sjávarafurða var tæp 79% af heildarútflutningi ársins 1975 á móti 75% árið áður. Hlutdeild áls af verðmæti heildarútflutnings var 10,6% 1975, en 14,6% árið áður. Verðmæti annarra iðnaðarvara var 6,3% af verðmæti heildarútflutnings 1975, en 5,3% á árinu 1974.

Helztu breytingar á skiptingu útflutnings á lönd 1975 miðað við árið áður voru þær, að útflutningur til Bandaríkjanna jókst

**Skipting útflutnings
á lönd**

úr 22,1% í 29,4% af heildarútflutningi, en útflutningur til landa Efnahagsbandalagsins (EBE) lækkaði úr 28,8% í 24,8% af heildarútflutningi. Einnig lækkaði hlutdeild landa Fríverzlunar-samtakanna (EFTA) úr 22,7% í 19,2%, en hlutdeild Austur-Evrópulanda jókst úr 12,4% í 13,3% af heildarútflutningi.

**Útflutnings-
vörubirgðir**

Eftirfarandi yfirlit sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1975.

Útflutningsvörubirgðir

(Í m.kr. á gengi í árslok 1975)


	1971	1972	1973	1974	1975
Sjávarafurðir	2.441	2.115	3.456	6.917	5.832
Landbúnaðarafurðir	339	482	663	495	968
Kísilgúr	19	32	17	10	76
Ál	2.274	1.099	590	1.390	3.242
Alls	5.073	3.728	4.726	8.812	10.118

**Samdráttur
innflutnings**

Meðfylgjandi tafla sýnir almennan mánaðarlegan innflutning 1974 og 1975, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning, þar sem tölur fyrir hvern mánuð 1974 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1975 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar.

Almennur innflutningur

	<i>C.i.f.-verð í m.kr.</i>				<i>Hlutfallsleg</i>	
	<i>á mánaðarlegu meðalgengi 1975</i>				<i>%-breyting</i>	
	<i>1974</i>		<i>1975</i>		<i>frá fyrra ári</i>	
	<i>Annar alm.</i>		<i>Annar alm.</i>		<i>Annar alm.</i>	
	<i>Olía</i>	<i>innfl.</i>	<i>Olía</i>	<i>innfl.</i>	<i>Olía</i>	<i>innfl.</i>
Janúar	208	3.124	205	3.306	÷1,4	5,8
Febrúar	436	3.447	1.091	1.885	150,2	÷45,3
Marz	709	4.782	846	5.450	19,3	14,0
Apríl	680	4.985	745	4.203	9,6	÷15,7
Mái	942	4.854	581	4.652	÷38,3	÷ 4,2
Júní	1.145	5.223	472	3.991	÷58,8	÷23,6
Júlí	281	5.348	843	4.825	200,0	÷ 9,8
Ágúst	815	3.691	647	3.619	÷20,6	÷ 2,0
September	1.015	5.703	768	4.413	÷24,3	÷22,6
Október	1.756	4.756	978	5.193	÷44,3	9,2
Nóvember	478	5.030	843	4.825	76,4	÷ 4,1
Desember	1.236	4.473	1.456	3.376	17,8	÷24,5
Jan.–marz	1.353	11.353	2.142	10.641	58,3	÷ 6,3
Apríl–júní	2.767	15.062	1.798	12.846	÷35,0	÷14,7
Júlí–sept.	2.111	14.742	2.258	12.857	7,0	÷12,8
Okt.–des.	3.470	14.259	3.277	13.394	÷ 5,6	÷ 6,1
Jan.–des.	9.701	55.416	9.475	49.738	÷ 2,3	÷10,2




Verðmæti almenns innflutnings dróst saman um rúmlega 9% frá árinu 1974. Verðmæti olíuinnflutnings lækkaði þó aðeins um 2,3%, en á öðrum almennum innflutningi varð lækkunin 10,2% frá fyrra ári. Eins og sjá má af yfirlitinu hér að framan varð samdráttur í almennum innflutningi að frátöldum olíuinnflutningi mestur á öðrum ársfjórðungi, lítið eitt minni á þriðja ársfjórðungi, en allmiklu minni á fyrsta og fjórða ársfjórðungi, þar sem samdráttur varð hlutfallslega svipaður miðað við sömu ársfjórðunga árið áður. Samdráttur varð á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara um rúmlega 18%, en innflutningur á rekstrarvörum til álbræðslu jókst um 36%. Lækkun á innflutningi sérstakra fjárfestingarvara var eingöngu vegna minni skipa-innflutnings, en samanlagður skipa- og flugvélainnflutningur lækkaði um tæp 27%. Hins vegar varð veruleg aukning á innflutningi vegna virkunarframkvæmda.

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá Bandaríkjunum jókst úr 7,9% í 9,3% af heildarinnflutningi, en innflutningur frá Austur-Evrópulöndum lækkaði úr 13,3% í 12,4% af heildarinnflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins var óbreytt frá fyrra ári, 44,9%, en hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna jókst úr 20,0% í 20,8% af heildarinnflutningi.

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 20.600 m.kr. á árinu 1975 reiknað á meðalviðskiptagengi ársins. Árið áður var vöruskiptajöfnuður óhagstæður um 23.000 m.kr. umreiknað á sambærilegu gengi. Samkvæmt því er vöruskiptajöfnuður ársins 1975 2.400 m.kr. hagstæðari en árið áður. Við samanburð á vöruskiptajöfnuði tveggja eða fleiri ára er rétt að hafa það í huga, að ekki er víst, að tölur um innflutning og útflutning sýni alltaf raunhæfa

Skipting innflutnings
á lönd


Vöruskiptajöfnuður



Þróun innflutnings og útflutnings og þar með vöruskiptajöfnuð hvers einstaks árs. Kemur þar einkum þrennt til. Í fyrsta lagi eru oft miklar breytingar á birgðum útflutningsvara frá einu ári til annars, í öðru lagi eru oft miklar sveiflur frá ári til árs í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Í þriðja lagi hafa sveiflur í birgðum innfluttra rekstrar- og neyzluvara samsvarandi áhrif og sveiflur í birgðum útflutningsvara, en upplýsingar þar um eru yfirleitt ekki fyrir hendi, svo að hægt sé að taka tillit til þeirra breytinga. Þó eru fyrir hendi upplýsingar um rekstrarvörubirgðir álbræðslunnar, og var þar um að ræða mikla sveiflu, þegar birgðapróun árána 1974 og 1975 er borin saman, eins og áður hefur verið sagt. Þegar tillit hefur verið tekið til framangreindra atriða, reynist heildarvöruskiptajöfnuður, þ. e. að meðtöldum inn- og útflutningi vegna álbræðslu, aðeins 300 m.kr. hagstæðari á árinu 1975 en 1974, en að frádregnum viðskiptum vegna álbræðslunnar verður vöruskiptajöfnuðurinn 3.765 m.kr. hagstæðari á árinu 1975 en árið áður, og er það allgóður mælikvarði á grundvallarbreytingu vöruskiptajafnaðar á árinu 1975.

Þjónustujöfnuður


Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, tekjur af viðskiptum við varnarliðið o. fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 24.750 m.kr. á árinu 1975, en þjónustugjöld 25.530 m.kr., og er þjónustujöfnuður þá óhagstæður um 780 m.kr. reiknað á meðalviðskiptagengi ársins. Árið áður var þjónustujöfnuður óhagstæður um 1.300 m.kr. reiknað á meðal-



gengi ársins 1975. Í þjónustugjöldum eru innifalin gjöld vegna álbræðslu, 2.105 m.kr. á árinu 1975 á móti 1.705 m.kr. 1974 reiknað á gengi 1975. Þjónustujöfnuðurinn er því 520 m.kr. hagstæðari á árinu 1975 en árið áður, þegar útgjöld vegna álbræðslu eru talin með, en séu þau undanskilin, nemur batinn 920 m.kr., og vegur þar mest hagstæð þróun í samgönguliðnum ásamt auknum tekjum af viðskiptum við varnarliðið. Óhagstæðust varð þróunin í vaxtagreiðslum, og varð aukningin á vaxtagjöldum nettó rúmlega 1.900 m.kr. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar er samgönguliðurinn mikilvægastur, en innan hans vegur flugið þyngst. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðnum er aðeins talinn til tekna sá hluti af tekjum af erlendum ferðamönnum, sem bankar kaupa af gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna, þar með taldar tekjur fríhafnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða með íslenskum farartækjum fyrir ferðir milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn náms- og sjúkrakostnaður. Ef þessir tveir liðir, sem námu 750 m.kr., eru dregnir frá útgjöldum vegna ferðalaga, námu útgjöld vegna almennra ferðalaga og ferða vegna viðskipta og atvinnurekstrar 2.140 m.kr., en það eru um 2,3% af heildarútgjöldum vegna vöru- og þjónustuviðskipta, og verður jöfnuður á ferðalagaliðum óhagstæður um 330 m.kr. á árinu 1975 á móti 300 m.kr. árið áður reiknað á meðalgengi ársins 1975.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfurfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð

Fjármagnshreyfingar



Gjaldeyrisstaðan

um 95 m.kr. 1975, en árið áður urðu þau hagstæð um 95 m.kr. á sambærilegu gengi.

Helztu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðsla slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lánnum til eins árs og lengri tíma voru alls notaðar 21.060 m.kr., þar af námu lántökur einkaaðila 2.390 m.kr., að mestu leyti vegna skipa- og flugvélakaupa. Lántökur opinberra aðila, þ. e. ríkissjóðs, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og bæjar- og sveitarfélaga, námu alls 11.875 m.kr. Af þeirri upphæð námu lántökur ríkisfyrirtækja 6.120 m.kr. og lántökur bæjar- og sveitarfélaga 1.460 m.kr., þar af á vegum Reykjavíkurborgar 1.300 m.kr. Lántökur lánastofnana námu 6.795 m.kr., þar af voru 2.600 m.kr. vegna skipakaupa og endurlánaðar eigendum þeirra. Endurgreiðslur af föstum lánnum námu alls 5.905 m.kr., sem skiptast þannig, að endurgreiðslur af einkalánnum voru 2.160 m.kr., af lánnum opinberra aðila 2.050 m.kr. og af lánnum lánastofnana 1.695 m.kr.

Samkvæmt framangreindum hreyfingartölum, sem umreiknaðar hafa verið úr erlendri mynt í íslenskar krónur samkvæmt meðalviðskiptagengi ársins, jukust föst erlend lán einkaaðila um 230 m.kr., opinberra aðila um 9.825 m.kr. og lán lánastofnana um 5.100 m.kr., og hafa því heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkað um 15.155 m.kr. á árinu 1975. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 150 m.kr., og ógreiddur útflutningur jókst um 930 m.kr. Innkomið langtímaáhættufjármagn nam 370 m.kr., þar af erlent hlutfé vegna járnblendiverksmiðju 190 m.kr. Vegna mikillar birgðaaukningar hjá álbræðslunni nam innstreymi skammtímarekstrarfjár rúmlega 6 milljörðum króna. Í heild er nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 16.675 m.kr.

Meðfylgjandi tafla sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1975, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1974. Til þess að auðvelda samanburð milli ára hafa tölur ársins 1974 verið umreiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1975.

Á 4. töflu aftast í skýrslunni er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á árunum 1971—1975, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit um greiðslujöfnuð 1974 og 1975.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna við árslok sl. þrjú ár. Erú tölurnar í þessu yfirliti allar umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1975 og eru því á sambærilegu gengi í lok þeirra þriggja ára, sem yfirlitið sýnir.

Greiðslujöfnuður við útlönd


(Í m.kr. á meðalgengi 1975)

	1974	1975
Innfluttar vörur f.o.b.	÷74.460	÷68.040
Útfluttar vörur f.o.b.	51.460	47.440
Vöruskiptajöfnuður	÷23.000	÷20.600
Þjónustujöfnuður	÷ 1.300	÷ 780
Viðskiptajöfnuður	÷24.300	÷21.380
Framlög án endurgjalds	95	÷ 95
Fjármagnsjöfnuður	15.445	16.675
Heildargreiðslujöfnuður	÷ 8.760	÷ 4.800

Gjaldeyrisstaða bankanna

(Í m.kr. á gengi í árslok 1975)

Seðlabankinn:	1973	1974	1975
Gjaldeyrisforði	16.182	7.695	7.988
Skuldir í frjálsum gjaldeyri	÷ 1.765	÷ 4.181	÷10.640
Vöruskiptareikningar, nettó	÷ 1.746	÷ 1.701	÷ 1.712
Viðskiptabankar, nettó	÷ 912	522	985
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	11.759	2.335	÷ 3.379



Til þess að bæta þrönga lausafjárstöðu gagnvart útlöndum og forðast frekari rýrnun gjaldeyrisforðans, frá því sem orðið var í árslok 1974, samdi Seðlabankinn um almenna lántöku hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upphæð 5,8 milljónir eininga í sérstökum dráttarréttindum, sem notuð var í aprílmánuði. Þá tók Seðlabankinn einnig lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að upphæð 10,1 milljón sérstakra dráttarréttinda, sem er í þeim flokki lánafyrirgreiðslu, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn veitir þátttökuríkjum sínum til þess að mæta hluta af þeirri rýrnun gjaldeyrisforðans, sem stafar af hækkuðu olíuverði. Samtals nam skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn í árslok 1975 37,1 milljón sérstakra dráttarréttinda, þar af 25,6 milljónir vegna olíulána. Hefur fyrirgreiðsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verið mjög mikilvæg til þess að tryggja viðunandi lausafjárstöðu gagnvart útlöndum. Þá aflaði bankinn sér 45 milljón dollara lántökuheimildar hjá nokkrum erlendum bönkum í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisforðann, ef til frekari rýrnunar hans kæmi. Er nánar greint frá láni þessu í kaflanum um erlend mál og samninga hér á eftir.

ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA

Mikill greiðsluhalli

Gífurlegur greiðsluhalli varð hjá ríkissjóði á árinu 1975, og átti skuldasöfnun ríkissjóðs hjá Seðlabankanum ríkan þátt í því að viðhalda umframeftirspurn á innlendum markaði og umframkaupum á erlendum gjaldeyri. Ríkisreikningur fyrir árið 1975 hefur ekki verið lagður fram, þegar þetta er ritað, og hefur því verið byggt á mánaðarlegu greiðslufirliti ríkisbókhaldsins og reikningum Seðlabankans, sem gefa skýra mynd af afkomu ríkissjóðs. Tölurnar um fjármál ríkisins, sem hér birtast, eru því til bráðabirgða, enda þótt frávik þeirra frá endanlegum stærðum muni að öllum líkindum verða lítið.

Nokkrar yfirlitstölur

Tekjur á árinu 1975 eru áætlaðar 49.660 m.kr., en gjöld 56.110 m.kr., og var tekjuhalli ríkissjóðs því 6.450 m.kr., en var 2.975 m.kr. árið á undan, ef miðað er við innheimtar tekjur og raunverulegar greiðslur (greiðslugrunn). Tekjuhalli ríkissjóðs nam því 13% af tekjum. Nettóinnstreymi á lánahreyfingum var 640 m.kr., og varð því greiðsluhalli hjá ríkinu sem næst 5.810 m.kr., og þar af 846 m.kr. vegna skuldbindingar ríkissjóðs á verðtryggingu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Árið á undan varð greiðsluhalli ríkissjóðs 3.570 m.kr. Er hér um rúmlega 60% aukningu að ræða, og nam greiðsluhallinn á árinu 3,1% af verðmæti vergrar þjóðarframleiðslu.

Samánburður við fjárlög

Tekjur hafa farið 4,3% (2.035 m.kr.) fram úr tölum fjárlaga, en gjöld 18,8% (8.885 m.kr.). Tekjuskattar gáfu um 17% (1.200 m.kr.) minna af sér en áætlað var í fjárlögum, en í lögum frá 26. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum, voru m.a. ákveðnar ýmsar breytingar á álagningarreglum, sem taldar voru fela í sér 1.000 m.kr. lækkun tekjuskatts. Í sömu lögum var heimild til afnáms tolla og til lækkunar eða afnáms söluskatts af nokkrum tegundum matvæla og hráefnum til matargerðar. Var talið, að tekjutap ríkissjóðs af þessum sökum yrði 850 m.kr. á 12 mánuðum. Tekjur ríkissjóðs af söluskatti fóru tæp 2% fram úr áætlun fjárlaga, en almenn aðflutningsgjöld 3,5%. Til að vega upp á móti framangreindri lækkun skatttekna var lagt sérstakt 12% vörugjald á söluskattsstofn innlendrar og erlendrar vöru, en undanskildar voru

mikilvægar neyzluvörur og rekstrarvörur. Álagningartímabilið var frá 17. júlí til ársloka, og gaf gjald þetta af sér tæpar 1.190 m.kr. á árinu, sem var mun lægri upphæð en gert var ráð fyrir. Einnig var ákveðið að innheimta skyldusparnað með tekju-skatti, og mun sá liður hafa gefið af sér um 250 m.kr. Loks var lagt á flugvallargjald frá 1. maí 1975 til 29. febrúar 1976. Alls fóru óbeinir skattar tæp 8% fram úr áætlun fjárlaga. Helmingur af hækkun útgjalda umfram ákvæði fjárlaga var vegna umframútgjalda á sviði tryggingamála og vegna niðurgreiðslu á verði búvöru. Alls fóru útgjöld til tryggingamála 17,5% (2.280 m.kr.) fram úr áætlun fjárlaga, en niðurgreiðslur 44% (1.650 m.kr.). Útgjöld vegna heilbrigðismála og húsnæðis- og félagsmála voru nokkru lægri en áætlað var á fjárlögum. Aðrir gjaldaflokkar voru umfram fjárlög, uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hlutfallslega mest, 52%, en útgjöld vegna fræðslu-, menningar- og kirkjumála voru aðeins 8% umfram áætlun. Almenn mál voru 30% umfram áætlun vegna hækkunar á launakostnaði, en útgjöld til útvegsamála fóru 47,5% fram úr áætlun, að stórum hluta vegna kaupa á skipi fyrir Hafrannsóknastofnunina (340 m.kr.).


Samanburður við 1974

Samanburður ríkisútgjalda 1974 og 1975 sýnir 45% hækkun í krónutölu (17.400 m.kr.), en þar sem áætlað er, að verg þjóðarframleiðsla hafi hækkað um 35%, hefur hlutdeild ríkisútgjalda vaxið úr 29% árið 1974 í 30,3% 1975. Hlutfallsleg skipting útgjalda eftir útgjaldaflokkum breyttist lítið frá fyrra ári. Um þriðjungur ríkisútgjalda var varið til atvinnumála, en rúmlega helmingi (53%) til félagsmála, en sá liður skiptist svo: Velferðarmál 35%, menningarmál 15% og loks heilbrigðismál 2,5% af útgjöldum ríkisins. Útgjöld vegna niðurgreiðslu á verði búvöru (sem flokkast hér með atvinnumálum) voru 10% af ríkisútgjöldum 1975. Er þar um áþekka upphæð að ræða og samanlagðan kostnað við almenna stjórn og löggæzlu (þ. m. t. landhelgisgæzla) og utanríkisþjónustu. Almennt jukust útgjöld til félagsmála minna en útgjöld til atvinnumála, 39,5% á móti 49,0%. Í atvinnumálaflokknum jukust útgjöld vegna sjávarútvegs (143,5%) og iðnaðar- og orkuvinnslu (105%) langmest. Athyglisvert er, að útgjöld til samgöngumála jukust aðeins um tæp 30%, en höfðu aukizt um 65% árið áður. Af öðrum liðum, þar sem útgjaldaaukning var hlutfallslega lítil, má nefna mennta-, menningar- og kirkjumál (32%) og almenna stjórn og löggæzlu (35%).¹⁾

¹⁾ Samanburður við 1974 byggður á mánaðarlegu greiðslufirliti ríkisbókhaldsins.

Innheimtar tekjur ríkisins 1975 eru um 39% hærrí en árið áður. Hlutdeild beinna skatta í ríkistekjum hefur enn minnkað. Árið 1973 voru tekju- og eignarskattar tæp 23% af ríkistekjum (á greiðslugrunni), árið 1974 16% og 1975 aðeins 12,5%. Stafar þessi lækkun hlutfallsins árið 1975 bæði af breyttum álagningarreglum tekjuskatts, sem ákveðnar voru í apríl, og aukinni notkun óbeinna skatta. Miklar hækkanir voru á útsöluverði áfengis og tóbaks á árinu, og nam rekstrarhagnaður ÁTVR 10% af tekjum ríkissjóðs 1975, en var 9% árið áður. Hlutdeild sölu-skatts í ríkistekjum jókst á árinu úr 31% í 34,5%. Hins vegar dróst hlutur gjalda af verzlun og viðskiptum við útlönd verulega saman og lækkaði frá því að vera tæpur þriðjungur af ríkistekjum 1974 í að vera rúmlega fjórði hluti 1975. Stafar þetta af almennri magnminnkun innflutnings í kjölfar efnahagsaðgerða, sem beindust að því markmiði, en sérlega mikið dró úr innflutningi hátollavöru, einkum bifreiða. Jafnframt voru aðflutningsgjöld lækkuð í byrjun árs í samræmi við samning Íslands við EFTA og EBE.

Greiðsluflæði ríkissjóðs er mjög árstíðabundið. Þó hafa gjöld dreifzt nokkuð jafnt á árið, en hafa samt verið þyngri seinni hluta árs. Tekjustreymi er að jafnaði hlutfallslega lítið fyrri hluta árs, eykst, þegar á árið líður, og nær hámarki í desember. Þess er þó að geta, að innheimta tekna gengur mun hraðar nú en fyrir nokkrum árum vegna breyttra innheimtuaðferða. Sé greiðsluflæði ársins 1975 athugað, kemur hins vegar í ljós, að hlutfallsdreifing tekna og gjalda yfir árið er mikið til hin sama annað árið í röð. Á miðju ári 1975 höfðu t. d. 42,4% tekna komið inn, en 43% gjalda verið greidd. Árið 1974 voru þessi hlutföll 42,3% á móti 41,7%, en árið 1973, sem var dæmigert fyrir tímabilið þar á undan, 40,7% inn og 45% út. Í samræmi við ofangreinda árstíðasveiflu ríkisfjármála mundi ekki hafa orðið tekjuhalli hjá ríkissjóði fyrri hluta árs 1975, ef tekjur og gjöld alls ársins hefðu verið í jafnvægi. Þróun ríkisfjármála á fyrri hluta árs 1975 var mun óhagstæðari en árið á undan. Í lok fyrsta ársfjórðungsins var tekjuhalli ríkissjóðs um 1.700 m.kr., en hafði verið 360 m.kr. á sama tíma 1974. Á miðju ári var staðan orðin þrisvar sinnum lakari en árið á undan, en tekjuhalli var þá 3.125 m.kr. samanborið við 1.060 m.kr. Staðan við Seðlabankann versnaði minna vegna hagstæðs lánajafnaðar ríkissjóðs þessa mánuði eða um 1.320 m.kr. borið saman við 1.030 m.kr. árið á undan. Síðari hluta árs brá svo við annað árið í röð, að þróun ríkisfjármála snerist ekki til hins betra eins og venja hefur verið, og var tekjuhallinn 6.450 m.kr. fyrir árið í heild eins og áður er getið, ef



**Orsakir greiðslu-
hallans**

miðað er við greiðslugrunn. Þannig hefur tekjuhalli orðið 3.325 m.kr. seinni helming ársins borið saman við 1.920 m.kr. árið á undan. Í heild versnaði staða ríkissjóðs við Seðlabankann um 6.070 m.kr. borið saman við 3.240 m.kr. árið á undan. Rétt er að athuga, að með ofangreindri skuldaaukningu ríkissjóðs er talin 260 m.kr. hækkun skulda vegna gengislækkunar (og þar af leiðandi bókhaldshækkunar á erlendum skuldum). Þar sem hér er miðað við greiðslugrunn, er rétt að draga ofangreinda skuldaaukningu frá heildaraukningunni, og standa þá eftir 5.810 m.kr. Loks er að geta þess, að 690 m.kr. fyrirgreiðsla Seðlabankans vegna innlausnar spariskirteina hefur ekki verið talin með skuldum ríkissjóðs, heldur færð undir ríkisstofnanir (þ. e. skuldfært á endurlánareikning í B-hluta ríkisreiknings).

Ríkisfjármálin hafa ekki verið í jafnvægi að undanförmu. Tvö ár í röð hafa tekjustofnar ekki staðið undir gjöldum, og bilið milli tekna og gjalda hefur breikkað. Árið 1975 fór saman mikil verðbólga, samdráttur raunverulegrar þjóðarframleiðslu (2,3%) og magnminnkun innflutnings (10,3%), og svo virðist sem verðbólgan hafi aukið útgjöld ríkisins jafnmikið, ef ekki meira en tekjur. Er það í mótsögn við reynslu undanfarinna ára, er hefur sýnt, að tekjur ríkisins aukast að jafnaði meira en gjöld sem bein afleiðing verðbólgunnar. Fyrir hinni breyttu þróun var ekki gert ráð við samningu fjárlaga fyrir árið 1975. Greiðsluhallinn á einnig rætur að rekja til þess, að á fjárlagaárinu var stofnað til nýrra útgjalda og einstakir skattar lækkaðir, án þess að samsvarendi tekjuöflun eða niðurskurður útgjalda kæmi á móti. Á árinu var ákveðin hækkun niðurgreiðslna í stað lækkunar eins og ráð var fyrir gert í forsendum fjárlaga. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur reyndust vanmetnar í fjárlögum, og voru þær ekki lækkaðar, en við bættist, að ákveðið var að greiða niður verð á áburði. Til að greiða fyrir kjarasamningum var ákveðið í apríl að lækka tekjuskatt og fella niður söluskatt og tolla af ákveðnum vörutegundum eins og áður greinir. Einnig voru bætur almannatrygginga lækkaðar með hliðsjón af kjarasamningum. Til að styrkja greiðslustöðu ríkissjóðs veitti Alþingi í apríl heimild til niðurskurðar á fjárveitingum allt að 3.500 m.kr. Fjárveitinganefnd Alþingis ákvað endanlega að takmarka niðurskurðinn á árinu við 2.000 m.kr., en í reynd virðist hann aðeins hafa orðið 900 m.kr. Tilraunir til að auka skattheimtu ríkisins byggðust eins og áður greinir m. a. á álagningu flugvallargjalds, sem gaf af sér 190 m.kr. á árinu, og einnig var lagt á sérstakt 12% vörugjald, en tekjur af því urðu mun lægri en gert hafði verið ráð fyrir, aðeins 1.190 m.kr. Loks var lagður á skyldusparnaður með tekjuskatti, og var heildarfjárhæð hans 1975 250 m.kr.

**Fjármögnun opin-
berra framkvæmda**

Heimildir til ráðstöfunar fjár til opinberra framkvæmda og fjáröflunar voru í fjárlögum 1975 og lögum nr. 11/1975. Upphaflega var áætlað að verja til opinberra framkvæmda 4.775 m.kr. og fjáröflun átti að nema jafnhárrí fjárhæð. Að auki var heimilt að veita Framkvæmdasjóði lán. Af ýmsum ástæðum, m. a. vegna gengisbreytinga og aukins framkvæmdakostnaðar, breyttust fjárhæðir nokkuð frá upphaflegri áætlun og nokkuð var óútborgað af lánum í árslok. Greiðsluyfirlit áætlunar um fjármögnun opinberra framkvæmda á sl. ári fer hér á eftir:

Ráðstöfun fjár til framkvæmda skv. upphaflegri áætlun	4.821	
÷ óútborgað í árslok	133	4.688
		<hr/>
Ráðstöfun fjár utan upphaflegrar áætlunar:		
Framkvæmdasjóður	2.120	
Viðbótarkostnaður vegna orkuframkvæmda	504	2.624
		<hr/>
Greitt vegna fyrri áætlunar		12
Innlend fjáröflun:		
Sala happdrættisbréfa	277	
Sala spariskírteina	1.100	
Innheimtufé spariskírteina	1.080	
	<hr/>	
	2.457	
÷ kostnaður	14	2.443
		<hr/>
Lán frá Framkvæmdasjóði		215
Erlend fjáröflun:		
Beinar erlendar lántökur	3.256	
Lántaka Rafmagnsveitna ríkisins	822	
Bráðabirgðalán fyrir milligöngu Seðlabanka	530	4.608
	<hr/>	
Innkomið fé vegna fyrri áætlunar		45
Breytt reikningsstaða við Seðlabanka		13
		<hr/>
		7.324
		7.324

ÞRÓUN PENINGAMÁLA

Á árinu 1975 dró mjög verulega úr útlánaþenslu bankakerfisins. Heildarútlán, þar með talin skuld ríkissjóðs við Seðlabankann og endurlánað erlent lánsfé, jukust um 35% á árinu, en aukningin árið 1974 var 55%. Batann má algerlega þakka minni útlánaaukningu viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana, sem var um helmingi minni en árið áður. Á hinn bóginn jókst mjög útstreymi fjár til ríkisins vegna stóraukinnar skuldasöfnunar ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Þessi mikla útlánaaukning ásamt útstreymi fjár úr sjóðum í opinberri vörzlu, er samtals nam 26 milljörðum króna, jafnaðist að stórum hluta af 12 milljarða rýrmun erlendra nettóeigna bankakerfisins. Nýmyndun peningamagns og spariinnlána nam því röskum 13 milljörðum eða 29%, sem er svipuð hlutfallsaukning og árið áður.

Útlánaþensla

Greiðsluhalli ríkissjóðs



Í upphafi ársins 1975 var ástæða til að ætla, að mjög myndi draga úr útlánum bankakerfisins. Útlánageta viðskiptabanka var lítil vegna slæmrar lausafjárstöðu, og stjórnvöld stefndu að miklum niðurskurði á framkvæmdaáformum m. a. til að koma í veg fyrir, að greiðsluhalli ríkissjóðs ýtti undir þá verðbólgu og eftirspurnarþenslu, sem ríkti. Í júlí var tekin ákvörðun um 2.000 m.kr. lækkun ríkisútgjalda, og í sama mánuði var lagt sérstakt vörugjald á söluskattsstofn innlendarar og innfluttrar vöru, sem áætlað var að færði ríkissjóði um 1.850 m.kr. tekjuauka. Engu að síður varð greiðsluhalli ríkissjóðs meiri en dæmi eru til frá lokum síðari heimsstyrjaldar, eins og nánar er lýst í kaflanum um þróun ríkisfjármála. Hækkaði skuld ríkissjóðs við Seðlabankann á árinu um 6.066 m.kr., en það er nær tvöfalt meiri aukning en á árinu 1974. Af þeirri upphæð stafa 258 m.kr. eingöngu af bókhaldshækkun skulda vegna gengislækkunar krónunnar, þannig að raunverulegt peningastreymi úr Seðlabankanum vegna viðskipta ríkissjóðs nam um 5.800 m.kr., sem samsvarar um 3,3% af þjóðarframleiðslu miðað við 2,4% árið 1974. Er þessi tala góður mælikvarði á peningaleg þensluáhrif ríkisbúskaparins á árinu 1975. Skuld Viðlagasjóðs við Seðlabankann

lækkaði um 114 m.kr. á árinu 1975, en það er mun minni lækkun en gert hafði verið ráð fyrir. Skuldir annarra ríkisstofnana hækkuðu hins vegar um 756 m.kr., þannig að kröfur Seðlabankans á ríkisstofnanir í heild jukust um 642 m.kr., sem er svipuð upphæð og árið 1974.

Reikningar bankakerfisins




(Hreyfingar í millj. kr.)	1972	1973	1974	1975
Peningamagn og sparifé	3.818	9.178	9.839	13.073
Orsakir breytinga peningamagns:				
Erlendar eignir, nettó	387	536	÷9.837	÷12.088
Lán, samtals	3.712	9.842	21.813	24.473
Til ríkissjóðs og ríkisstofnana	÷163	1.277	4.134	6.684
Til bæjar- og sveitarfélaga	÷115	182	1.065	135
Til fjárfestingarlánasjóða	429	588	459	2.686
Til atvinnuvega	2.734	6.357	14.695	13.207
Til einstaklinga	827	1.438	1.460	1.761
Innstæður sjóða í opinberri vörzlu	÷185	÷696	÷1.903	1.533
Annað	÷96	÷504	÷234	÷845


Hreyfingar í %

Peningamagn og sparifjáreign	17,1	35,1	27,9	29,0
Lán, samtals	17,0	38,5	61,6	42,8

Snemma á árinu hóf Seðlabankinn viðræður við fulltrúa viðskiptabankanna um útlánamarkmið fyrir bankana. Leitað var ráða til að stilla útlánaaukningu í hóf og miða hana við efnahagsástandið og laka lausafjárstöðu flestra banka eftir erfiðleikaárið 1974, en á því ári hafði áföllum útflutningsgreinanna, einkum sjávarútvegs, verið mætt í ríkum mæli með yfirdráttarlánnum í Seðlabankanum. Leiddu þessar viðræður seint í febrúar til samkomulags milli Seðlabankans og viðskiptabankanna um, að næstu þrjú mánuði skyldi engin aukning verða á útlánnum öðrum en endurkaupanlegum afurðalánnum og reglubundnum viðbótarlánnum til sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar. Síðar á árinu gerðu bankarnir með sér svipað samkomulag og séð yfir árið í heild fólu samningar í sér, að almenn útlán skyldu ekki hækka meira en 13,5%. Þrátt fyrir allmikla eftirspurn tókst bönkunum að draga mjög úr aukningu útlána, og hækkuðu þau útlán, sem samkomulagið náði til, aðeins um 15,3% á árinu, en samsvarandi lán höfðu hækkað um 42% árið 1974. Eins og jafnan áður mótaðist útlánaaukningin af því svigrúmi, sem lausafjárstaðan veitti, en þröng staða á síðasta ári skýrir þó ekki að fullu, hve vel tókst að framfylgja markmiðinu. Ljóst er, að fyrir valinu varð árangursrík leið til að ná markmiðinu, þ. e.

Útlánastöðvun





Ríkisvixlar

að endurskoða útlánastefnuna með 3—4 mánaða millibili og kynna samkomulagið rækilega í fjölmiðlum.

Heildarútlán innlánsstofnana, þar með talin endurseld afurðalán, hækkuðu um 21,7% árið 1975 samanborið við 48,8% árið 1974. Þessi samanburður gefur þó ekki að öllu leyti rétta mynd af því, sem gerðist, vegna þess að stuttum skuldum sjávarútvegs við viðskiptabankana, sem mynduðust á árinu 1974, var breytt í föst lán frá Fiskveiðasjóði með milligöngu Seðlabankans. Tilgangurinn var sá að styrkja stöðu sjávarútvegsins og bæta um leið lausafjárstöðu þeirra viðskiptabanka, sem hlaupið höfðu undir bagga með sjávarútveginum á árinu 1974. Af þessum sökum lækkuðu útlán innlánsstofnana um 1.967 m.kr. á árinu 1975, þannig að útlánin hefðu hækkað um 26% án þessara breytinga.

Seðlabankinn beindi þeim tilmælum til sparisjóða, að þeir fylgdu sama aðhaldi í útlánunum og viðskiptabankar. Útlánaaukning sparisjóðanna varð og hlutfallslega mjög svipuð og útlánaaukning viðskiptabanka eða um 26%. Útlánageta þeirra var þó mun meiri, sem kom fram í því, að sparisjóðir keyptu ríkisvixla fyrir um 400 m.kr., en vixlarnir teljast sem hluti af lausafjárstöðu, enda er innlánsstofnunum frjálst að kaupa slíka vixla, auk þess sem Seðlabankinn kaupir þá aftur fyrirvaralaust. Þetta er fjórða árið, sem Seðlabankinn býður ríkisvixla í þeim tilgangi að fjármagna árstíðabundna fjárförf ríkissjóðs á fyrri hluta árs. Útgáfan hafði jafnan áður numið 300 m.kr., en á sl. ári varð hún mest 700 m.kr. Vixlarnir voru allir greiddir fyrir áramót.


Reikningar Seðlabankans

(Hreyfingar í millj. kr.)	1972	1973	1974	1975
Erlendar eignir	765	1.050	÷7.982	÷7.098
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir	÷278	1.206	3.913	6.693
Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	330	246	÷167	1.858
Kröfur á innlánsstofnanir	1.091	1.981	9.376	2.972
Kröfur á aðra	÷528	÷ 10	28	÷ 24
Sjóðir í opinberri vörzlu o. fl.	÷ 31	÷806	÷1.984	700
Samtals (=grunnfé)	1.349	3.667	3.184	5.101
Veltufjármunir innlánsstofnana	390	376	290	793
Bundnar innstæður innlánsstofnana ..	702	2.055	1.782	2.815
Seðlar og mynt í umferð	401	541	740	948
Innstæður fjárfestingarlánasjóða	÷144	695	372	545

Í febrúar ákvað Seðlabankinn að hækka hámarksbindingu innlána úr 22% í 23%. Var þetta gert til að auka aðhald í peningamálum og skapa mótvægi gegn þeirri peningamyndun, sem leiddi af stóru auknum endurkaupum bankans á afurðalánunum. Bundnar innstæður jukust um röskar 2.800 m.kr. árið 1975 og

Hækkun bindiskyldu

Endurkaup




tæpar 1.800 m.kr. 1974. Endurkeyptir víxlar jukust hins vegar um tæpar 4.300 m.kr. hvort árið vegna mikillar verðmætisaukningar birgða í landinu. Stafaði hún fyrst og fremst af hinni öru verðþróun þessi ár, en einnig af sölutregðu sjávarafurða og mikilli framleiðsluaukningu sauðfjárafurða á síðasta ári. Ennfremur jukust endurkaup nokkuð við það, að tekið var að fjármagna olíubirgðir að nokkru með endurkaupafyrirgreiðslu Seðlabankans í kjölfar stórkostlegrar hækkunar á olíuverði.

Endurkaup Seðlabankans

	1972		1973		1974		1975	
(Hreyfingar í millj. kr.)	M. kr.	%	M. kr.	%	M. kr.	%	M. kr.	%
Endurkaup Seðlabanka,								
alls	637 (31,0)		1.289 (47,9)		4.247 (106,7)		4.298 (52,2)	
Landbúnaður ..	341 (33,5)		531 (39,0)		649 (34,3)		1.929 (75,9)	
Sjávarútvegur ..	206 (25,9)		480 (47,9)		2.609 (176,0)		1.765 (43,1)	
Iðnaður	83 (49,7)		191 (76,4)		541 (122,7)		630 (64,1)	
Annað	7		86		449 ¹		-25 (-4,1)	

¹ Endurkaup vegna olíu 333 m.kr.

Lausafjárstaða innlánsstofnana



Lausafjárstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka, sem hafði rýrnað um 3.300 m.kr. árið 1974, batnaði um 636 m.kr. árið 1975, þegar frá eru talin áhrif af breytingum stuttra skulda sjávarútvegs í föst lán og verðbréfa kaup Seðlabankans í því sambandi. Ljóst er, að peningaústreymið úr bankakerfinu gaf til efni til enn meiri aukningar innlána og þar með bata á lausafjárstöðunni en raun bar vitni, ekki sízt vegna þess, hve lítill hluti útstreymisins stafaði af útlánum innlánsstofnana sjálfra. Í þessu efni mættu bankarnir hins vegar miklu andstreymi af völdum mikils halla á gjaldeyrisviðskiptum annað árið í röð. Þetta var sérstaklega áberandi á fyrstu vikum ársins eða fram að gengisbreytingunni 13. febrúar, enda bar þá á mikilli spákaupmennsku vegna ótta við nýjar ráðstafanir í efnahagsmálum. Í janúarmánuði einum nam gjaldeyrissala bankanna um 6 milljörðum króna, sem var tæplega 39% hærra en í janúar 1974 reiknað á sama gengi. Eftir gengisbreytinguna dró úr gjaldeyris sölu, og séð yfir árið í heild var hún um 6% lægri en á árinu 1974. Hins vegar fóru gjaldeyriskaup bankanna einnig lækkandi samanborið við fyrra ár reiknað á föstu gengi og ljóst er því, að samdráttur í útflutningstekjum ásamt eftirspurn eftir innfluttum vörum og þjónustu hefur að miklu leyti komið í veg fyrir, að bönkunum tækist að bæta lausafjárstöðu sína svo sem efni stóðu til.

Í 19. töflu hér að aftan eru sýndar heildarkröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir, þ. e. fyrirgreiðsla Seðlabankans að frádregn-

um öllum innstæðum. Þar kemur fram, að í stað 7.300 m.kr. nettóútreymis úr Seðlabanka til innlánsstofnana árið 1974 var blaðinu snúið við árið 1975, er innlánsstofnanir bættu stöðu sína um rúmar 600 m.kr. Ljóst er, að þessi bati á fyrst og fremst rætur að rekja til breyttrar stefnu í útlánamálum, eins og lýst var hér að framan.



Úr reikningum innlánsstofnana

(Hreyfingar í millj. kr.)	1972	1973	1974	1975
Til Seðlabanka, nettó	2	451	—	636
Elendir liðir	÷134	144	957	579
Útlán	3.868	7.719	15.206	10.071
Samtals (ráðstöfun = uppruni)	3.736	8.314	16.163	11.286
Innlán	3.561	7.942	8.728	11.580
Frá Seðlabanka, nettó	—	—	7.304	—
Annað	175	372	131	÷294

Hreyfingar í %

Útlán	19,8	32,9	48,8	21,7
Innlán	17,7	33,5	27,6	28,7

Innlán



Heildarinnlán í innlánsstofnunum jukust um tæp 29% árið 1975, sem er svipuð hlutfallsaukning og árið áður, en árið 1973 höfðu þau aukizt um 33%. Hlutdeild vaxta í innlánsaukningunni hefur aukizt mjög verulega eftir vaxtahækkunirnar í maí 1973 og júlí 1974. Bankar og sparisjóðir greiddu nær 5.000 m.kr. í vexti af innlánunum á síðasta ári, en það svarar til 44% af innlánsaukningunni, sem var um 11.300 m.kr. að vöxtum meðtöldum. Árið 1974 voru vaxtagjöld af innlánunum í bönkum og sparisjóðum um 3.300 m.kr. eða 39% af innlánsaukningu þess árs, og árið þar á undan námu vextir um 27% af innlánsaukningunni.

Séu vextir dregnir frá innlánunum, stendur eftir um 16% aukning heildarinnlána árið 1975 samanborið við 17% árið 1974 og 25% árið 1973. Aukning veltinnlána, þannig reiknuð, var 30% árið 1975, 26% árið 1974 og 40% árið 1973. Sparifjár- aukningin að vöxtum frátöldum hefur minnkað mjög greinilega stig af stigi, því að hún var 20% árið 1973, 14% árið 1974 og 12% á síðasta ári. Í línuriti hér á blaðröndinni eru sýnd ársmeðaltöl peningamagns og sparifjár í hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Á árunum 1964—1971 var hlutfallið um 40%, en það, sem af er þessum áratug, hefur það lækkað jafnt og þétt eða niður í 28% á árinu 1975. Þessi þróun peningamagns og innlána endurspeglar ríkjandi verðbólgu- og eftirspurnarástand og sýnir glögg, hve óhagstæð síðustu ár hafa verið bönkunum.

STARFSEMI FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐA OG LÍFEYRISSJÓÐA

Útlán fjárfestingar- lánasjóða

Á árinu 1975 voru starfandi hér á landi 17 fjárfestingarlánasjóðir, og eru eignir þeirra í árslok 1975 áætlaðar um 47 milljarðar króna, en voru 31 milljarður króna í lok ársins 1974. Eignir sjóðanna eru að mestu bundnar í útlánnum, sem námu um 43 milljörðum króna í árslok 1975.

Starfsemi fjárfestingarlánasjóða árið 1975 einkenndist af verulegri aukningu nýrra útlána, en þau tvöfölduðust frá árinu áður, úr 7,3 milljörðum króna 1974 í 14,7 milljarða króna 1975. Hluti af þessari miklu aukningu eða um 2.350 m.kr. stafar af breytingum á stuttum skuldum sjávarútvegsins í löng lán hjá Fiskveiðasjóði. Sé þessi breyting ekki meðtalin, námu ný útlán fjárfestingarlánasjóða 12,3 milljörðum króna og höfðu þannig aukizt um 68% frá árinu áður. Er þetta miklu meiri aukning en næstu tvö árin á undan, en 1974 jukust lán fjárfestingarlánasjóða um 25% og 1973 um 45% eða um 34% að meðaltali bæði árin.

Aukning útlána fjárfestingarlánasjóða stafar að talsverðu leyti af því, að stjórnvöld hafa lagt áherzlu á aukna starfsemi þeirra, einkum á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs og íbúðabygginga. Gætti þar ekki sömu viðleitni til aðhalds í útlánnum til að stemma stigu við umframeftirspurn eins og í starfsemi bankanna á árinu 1975. Varð útlánastarfsemi fjárfestingarlánasjóðanna því til þess að vega upp á móti miklu af þeim árangri, sem náðist við að stórauka aðhald í útlánnum bankanna.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir útlán fjárfestingarlánasjóða eftir greinum, en hér hafa löng lán Fiskveiðasjóðs til breytingar á skammtímaskuldum sjávarútvegsins ekki verið talin með. Kemur þar fram, að aukningin í atvinnuvegálanum hefur orðið mest til hefðbundnu atvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar, en minni til iðnaðar og minnst til verzlunar. Mikil aukning varð hins vegar á lánnum til opinberra aðila, mest til sveitarfélaga, en

Útlán fjárfestingarlánasjóða eftir greinum

	1974		1975	
	Breyting		Breyting	
	f. f. ári		f. f. ári	
	M. kr.	%	M. kr.	%
1 Opinberir aðilar	327	29,2	854	161,2
(þ. a. bæjar- og sveitarfélög)	(247)	(13,3)	(489)	(98,0)
2 Atvinnuvegir	4.536	44,0	8.193	80,6
21 Landbúnaður	978	82,1	1.401	43,3
22 Sjávarútvegur	2.373	34,8	4.712	98,6
22a Auk þess lán v/skuldabreytinga	—	—	(2.350)	...
23 Verzlun	96	43,3	106	10,4
24 Iðnaður	911	58,2	1.214	33,3
25 Aðrir	178	÷14,4	760	327,0
3 Íbúðalán til einstaklinga	2.462	63,9	3.283	33,3
4 Útlán, samtals	7.325	49,4	12.330	68,3

einnig til ríkisfyrirtækja. Aukning íbúðalána úr fjárfestingarlánasjóðum nam um þriðjung.

Í eftirfarandi yfirliti yfir fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða á árunum 1974 og 1975 kemur fram, að enn heldur sú þróun áfram, er einkennt hefur starfsemi fjárfestingarlánasjóða á undanförunum árum, þ. e., að framlag eigin fjár til heildarfjárstreymis verður hlutfallslega æ minna, en á móti verður í þeim mun meiri mæli að fjármagna útlán sjóðanna með nýjum lántökum. Á árinu 1975 lætur nærri, að eigið fjárframlag sjóðanna nemi ekki nema um 6% af heildarfjárstreymi þeirra, en fyrir fjórum árum nam það nær fimmtungi. Stendur þessi þróun í nánnum tengslum við aukna verðbólgu, er rýrt hefur eigið fé sjóðanna.

Ekki urðu verulegar breytingar á skatttekjum og framlögum ríkisins til fjárfestingarlánasjóða á árinu nema hjá Fiskveiðasjóði. Hann fékk 300 m.kr. af ráðstöfuðum gengishagnaði til viðbótar við tekjur sínar af útflutningsgjaldi og framlagi ríkisins. Framlag ríkisins til Byggðasjóðs 1975 var aukið í 2% af A-hluta fjárlaga og hækkaði við það úr 271 m.kr. 1974 í 887 m.kr. 1975.

Aukning í lántökum sjóðanna til langs tíma varð meiri en nokkurn tíma áður. Jukust lántökur þeirra úr 3,9 milljörðum króna 1974 í 9,8 milljarða króna 1975, sem er um tvö og hálföld hækkan. Tvo stærstu þættina í þessari aukningu er að finna hjá ríkinu og Seðlabankanum. Lán ríkisins til fjárfestingarlánasjóða jukust úr 800 m.kr. 1974 í 2.760 m.kr. 1975, en þar er nær eingöngu um erlent lánsfé að ræða, sem ríkissjóður tók að láni og endurlánaði til fjárfestingarlánasjóðanna, að mestu gegnum Framkvæmdasjóð. Þá er þess að geta, að veitt voru lán til Byggðasjóðs, 300 m.kr., og Fiskveiðasjóðs, 340 m.kr., skv. lögum nr.

Lántökur fjárfestingarlánasjóða

Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða

Hreyfingar	Breytingar frá fyrra ári			
	1974		1975	
	M. kr.	%	M. kr.	%
<i>Uppruni fjármagns</i>	7.911		15.185	
Eigin fjármögnun, nettó	610	÷35,4	925	51,6
Innkomnar afborganir og vextir	3.602		5.584	
÷ Greiddar afb., vextir og kostn.	÷2.992		÷4.659	
Framlög án endurgjalds	3.365	81,2	4.596	36,6
Frá ríkinu	2.590		4.281	
Frá öðrum	775		315	
Lántökur til langs tíma	3.912	3,6	9.836	151,4
Frá ríkinu	800 ¹		2.760 ²	
Frá Seðlabankanum	150		2.167 ²	
Frá viðskiptabönkunum	600		1.192 ²	
Frá lífeyrissjóðum	835		1.345	
Frá Atvinnuleysistryggingarsjóði	296		170	
Innkominn skyldusparnaður ...	909		1.284	
Önnur innlend löng lán	17		23	
Beinar erlendar lántökur	305		895	
Innlend bráðabirgðalán, nettó	24		÷172	
<i>Ráðstöfun fjármagns</i>	7.911		15.185	
Útlán	7.325	25,2	14.680 ²	100,4
Framlög og styrkir	137		154	
Breytingar á sjóði og bankainnstæðum	449		351	

¹ Þar af er endurlánað erlent lánsfé 1974 800 m.kr. og 1975 2.120 m.kr.

² Þar af eru 1.967 m.kr., sem felast í tilfærslu á lánum viðskiptabanka til Fiskveiðasjóðs, er stuttum lánum sjávarútvegs, mest frá 1974, var breytt í löng lán með milligöngu Seðlabankans. Með því móti batnaði staða bankanna við Seðlabankann, er ofangreindri upphæð nam, en skuld Fiskveiðasjóðs jókst á móti. Frekari breytingar á stuttum skuldum sjávarútvegs fólust í 45 m.kr. láni viðskiptabanka og 340 m.kr. af gengismun skv. l. nr. 55/1975.

55/1975, um ráðstöfun gengismunar, en fé þessu er ætlað að fara til endurlána innan sjávarútvegs. Á árinu 1975 tók ríkissjóður lán að upphæð 4 millj. kuwaitdínara, sem hann endurlánaði innanlands. Heildarandvirði lánsins nam 2.298 m.kr., en þar af voru 2.120 m.kr. endurlánaðar til Framkvæmdasjóðs. Þá átti sér stað umfangsmikil breyting á skammtímaskuldum sjávarútvegsins í löng lán, svo sem áður var getið, en þeirra vegna lánaði Seðlabankinn 1.967 m.kr. til Fiskveiðasjóðs auk 200 m.kr. endurláns á erlendu lánsfé. Nær samsvarandi lækkun átti sér stað á lánum Seðlabankans til viðskiptabanka, þannig að hér var ekki um þenslu-

Framkvæmdasjóður

skapandi útlán á árinu 1975 að ræða, enda höfðu umræddar skammtímaskuldir að mestu myndast á árinu 1974.

Á árinu 1975 var endurnýjað samkomulag viðskiptabankanna og Framkvæmdasjóðs þess efnis, að 10% af innlánsaukningu bankanna gengju til útlána til Framkvæmdasjóðs. Eftir þessu samkomulagi jukust lán til Framkvæmdasjóðs úr 600 m.kr. 1974 í 892 m.kr. 1975, en auk þess var um að ræða 300 m.kr. lán viðskiptabanka til Fiskveiðasjóðs 1975. Lánveitingar lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða hafa farið hraðvaxandi síðustu árin, en þær jukust úr 835 m.kr. á árinu 1974 í 1.345 m.kr. árið 1975. Nánar verður skýrt frá einstökum atriðum þessara viðskipta í greinargerð um lífeyrissjóði hér á eftir. Þá tók Framkvæmdasjóður tvö lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðs, samtals að fjárhæð 5,9 millj. dollara, en andvirði þeirra nam 895 m.kr.

Eins og undanfarin ár starfaði Framkvæmdasjóður fyrst og fremst sem lánveitingaraðili fyrir aðra fjárfestingarlánasjóði, auk þess sem hann veitti nokkuð af lánum til annarra en fjárfestingarlánasjóða. Lánveitingar hans eru fjármagnaðar af eigin fé og lántökum, en hann hlýtur engin framlög án endurgjalds. Hér að ofan hefur verið skýrt frá lántökum hans í einstökum atriðum. Meðfylgjandi tafla sýnir lánveitingar hans til einstakra fjárfestingarlánasjóða og annarra sl. þrjú ár.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs

(M.kr.)

	1973	1974	1975
Stofnlánadeild landbúnaðarins	300	475	1.387
Veðdeild Búnaðarbankans	45	38	15
Fiskveiðasjóður	930	1.141	2.098
Verzlunarlánasjóður	10	8	25
Stofnlánadeild samvinnufélaga	10	8	25
Iðnlánasjóður	—	113	117
Ferðamálasjóður	17	15	—
Lánasjóður sveitarfélaga	105	113	124
Byggðasjóður	322	129	244
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Lán til fjárfestingarlánasjóða, alls	1.739	2.040	4.035
Lán til annarra	74	163	371
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	1.813	2.203	4.406

Í yfirlitstöflu þessari kemur fram, að Framkvæmdasjóður hefur lagt höfuðáherzlu á lánveitingar til sjóða landbúnaðar og sjávarútvegs svo og til Byggðasjóðs, en minni áherzlu á aðra þætti.

Með lögum nr. 13/1975 var kveðið svo á, að fjárfestingarlánasjóðir endurláni það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, með samþætilegum kjörum og þeir sæta sjálfir. Með lögum þessum var

heimilað að ákveða lánskjör sjóðanna þannig, að ákvæði um verðtryggingu eða gengisákvæði nái til ákveðins hluta hvers láns. Samkvæmt lögunum ber eftirleiðis að gera árlega endurskoðun á lánskjörum sjóðanna með hliðsjón af ofangreindri reglu. Fór slík endurskoðun í fyrsta skipti fram vorið 1975.

Undanfarin ár hefur verið meiri vöxtur í fjárstreymi lífeyrissjóða en hjá öðrum fjármagnsstofnunum, en það kemur til af mikilli fjölgun lífeyrissjóða og sjóðfélaga. Náði þessi hraði vöxtur fram á árin 1973 og 1974, en þá hafði sjóðfélögum fjölgað þannig, að flestir launþegar eru nú í einhverjum lífeyrissjóði. Mun aukið umfang lífeyrissjóða eftirleiðis byggjast að mestu leyti á fjölgun vinnandi fólks. Áætlað er, að eignir lífeyrissjóða hafi numið um 19 milljörðum kr. í árslok 1975, en þær höfðu hækkað um 41% frá fyrri árslokum. Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða jókst úr 4,2 milljörðum króna 1974 í 5,8 milljarða kr. 1975 eða um 36%. Er það nokkru minni aukning en á undanförnum árum, en þrjú árin 1972—74 var aukningin 53,6% að meðaltali á ári. Aukningin 1975 er nokkru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir, en skýringarinnar er að hluta að leita í því, að ógreidd iðgjöld til sjóðanna hafa vaxið töluvert vegna greiðsluferðleika fyrirtækja, auk þess sem kaupþensla er minni en á fyrri árum.

Enn sem fyrr ganga útlán lífeyrissjóða að mestu til sjóðfélaga, en þó hafa lífeyrissjóðirnir aukið kaup sín á verðtryggðum skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins. Árið 1974 var gert óformlegt samkomulag milli lífeyrissjóðanna og fjármálaráðuneytisins þess efnis, að sjóðirnir verðu fimmtungi af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs. Bréf þessi, sem eru verðtryggð með vísitölu byggingarkostnaðar, eru til 15 ára á annuitetsgrundvelli og bera 5% vexti. Þá gerðu lífeyrissjóðir ASÍ sérstakt samkomulag við ríkisstjórnina í marz-samningunum 1974 þess efnis, að þeir verðu fimmtungi ráðstöfunarfjár síns til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs eingöngu. Er samkomulag þetta innan ramma hins ofangreinda almenna samkomulags. Í heild lánuðu lífeyrissjóðir fjárfestingarlánasjóðum 835 m.kr. 1974 eða 19,7% af ráðstöfunarfé, en þar af voru 586 m.kr. eða 13,9% fólgin í skuldabréfakaupum skv. ofangreindu samkomulagi. Árið 1975 námu kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða samtals 1.345 m.kr. eða 23,4% af ráðstöfunarfé, en kaup skv. samkomulaginu námu 1.029 m.kr. eða 17,9%. Einkum sóttust sjóðirnir eftir skuldabréfum Byggingarsjóðs, og fóru kaup af honum nokkuð fram úr áætlun, en kaup á bréfum Framkvæmdasjóðs voru hins vegar talsvert minni en ætlað hafði verið. Var áber-

andi, að sjóðir verkalýðsfélaganna keyptu verðtryggð skulda-
bréf, en sjóðir opinberra starfsmanna og eldri lífeyrissjóðir ým-
issa starfshópa og fyrirtækja voru tregari til.

Neðangreind tafla gefur yfirlit yfir fjárstreymi lífeyrissjóða, en
nánari upplýsingar er að finna í töflum í töfluviðauka.

Fjárstreymi lífeyrissjóða

(Hreyfingar í m.kr. og aukning í % f. f. ári)

	1973		1974		Áætlun 1975	
	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%
<i>Uppruni</i>	2.830	...	4.230	...	5.750	...
Eigið framlag	842	40,1	1.320	56,8	2.150	62,9
Iðgjaldtekjur	2.690	52,2	3.980	48,0	4.980	25,1
÷ Gr. lífeyrir o. fl.	÷702	47,2	÷1.070	52,4	÷1.380	29,0
<i>Ráðstöfunarfé</i>	2.830	49,7	4.230	49,5	5.750	35,9
Útlán	2.409	53,4	3.500	45,3	5.300	22,9
Sjóðsauhning	421	...	730	...	450	...

YFIRLIT YFIR LÁNAMARKAÐINN

Í þessum kafla er dregið saman það, sem sagt hefur verið í köflunum hér að framan um lánastarfsemi bankakerfisins, fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða, en þessar stofnanir verða hér eftir nefndar lánastofnanir. Einnig eru erlendum lánahreyfingum, sparnaði og fjárfestingu gerð nokkur skil. Meðfylgjandi töflur sýna lánsfjárstreymi árána 1974 og 1975. Í fyrri töflunni er sýnt lánsfjárframboð áðurnefndra aðila og hvernig það skiptist á lánþega, en í hinni síðari eru erlendum lánum gerð nánari skil. Með lánsfjárframboði er hér átt við nettóhreyfingar lána, þ. e. útborguð ný lán að frádrögnum innkomnum afborgunum eldri lána.

Heildarlán

Heildarlánsfjárframboð var um 23% hærra árið 1975 en árið 1974. Framboð innanlands var um 29% hærra en árið 1974, en hækkun erlends lánsfjár var hins vegar 16% lægri árið 1975 en árið 1974. Í erlendum lánahreyfingum eru þá taldar, auk breytinga á löngum lánum, breytingar á stuttum lánum, þ. e. vörukaupalánum, ógreiddum útflutningi og reikningslánum fyrirtækja, sem starfrækt eru að einhverju leyti erlendis. Löng erlend lán hækkuðu um 7.843 m.kr., en á móti vegur 3.600 m.kr. lækkun stuttra lána, sem skýrir það, að erlend lán í heild hækkuðu nú ekki eins mikið og árið áður. Þess verður einnig að geta, að með innlendum lánum er hér talið endurlánað erlent lánsfé lánastofnana, en það hefur aukizt mjög verulega undanfarin ár. Árið 1973 jókst t. d. endurlánað erlent lánsfé bankakerfisins um 623 m.kr., 1974 um 3.352 m.kr. og 1975 um 9.218 m.kr. Meðtalin í endurlánuðu erlendu lánsfé bankakerfisins eru gengistryggð lán Seðlabankans, sem eru í eðli sínu frábrugðin venjulegu endurlánuðu erlendu lánsfé að því leyti, að á bak við þau standa ekki sérstakar erlendar lántökur, heldur gjaldeyrisskuldir Seðlabankans almennt. Í lánum fjárfestingarlánasjóða eru á sama hátt meðtalin öll lán, hvort heldur fjármagns er aflað innanlands eða erlendis. Í meðfylgjandi yfirliti í aftasta dálki má sjá helztu lánahreyfingar til lánastofnana. Svigatölur sýna inn-

byrðis lán lánastofnana, en aðrar tölur í dálkinum sýna lánsstreymi frá öðrum aðilum og sést af þeim tölum, að lánsstreymi til lánastofnana var um 38% hærra árið 1975 en 1974.

Lánsfjárframboð lánastofnana varð um 28% hærra 1975 en árið 1974, sem skiptist ójafnt á lánastofnanir, því að útstreymi úr fjárfestingarlánasjóðum og lífeyrissjóðum jókst


Innlend lán

Innlend og erlend lán 1975 og 1974, flokkuð eftir endanlegum notendum
(Nettóhreyfingar í m.kr.)

Lánveitendur 1975	Lánþegar						Lána- stofn. (7)
	Ríkissj. og Sveitar- félög	Atvinnu- fyrir- tæki ¹	Íbúða- eig- endur	Áðrir einka- aðilar	Samtals		
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	
1 Innlend lán, alls ...	8.407	481	21.831	7.125	850	38.694	670
11 Lánastofn. alls	6.965	481	21.831	7.125	850	37.252	—
111 Bankakerfið	6.697	142	13.207	908	850	21.804	(2.667)
1111 Seðlabankinn ..	6.708	÷8	÷14	—	—	6.686	(1.840)
1112 Innlánsstofnanir	÷11	150	13.221	908	850	15.118	(827)
112 Fjárfestingarlánasj.	263	334	8.604	3.021	—	12.222	(48)
113 Lífeyrissjóðir ...	5	5	20	3.196	—	3.226	(1.254)
12 Einkaaðilar	1.442	—	—	—	—	1.442	670
2 Erend lán, alls	÷32	1.308	2.967	—	—	4.243	11.386
21 Löng erlend lán ...	828	1.308	5.707	—	—	7.843	7.001
22 Stutt erlend lán ...	÷860	—	÷2.740	—	—	÷3.600	4.385
3 Samtals (1+2)	8.375	1.789	24.798	7.125	850	42.937	12.056
1974							
1 Innlend lán, alls ...	5.034	1.164	17.919	5.237	615	29.969	420
11 Lánastofnanir, alls .	4.154	1.164	17.919	5.237	615	29.089	—
111 Bankakerfið	4.134	1.064	14.694	844	615	21.351	(460)
1111 Seðlabankinn ..	3.912	2	26	—	—	3.940	(÷167)
1112 Innlánsstofnanir	222	1.062	14.668	844	615	17.411	(627)
112 Fjárfestingarlánasj.	20	95	3.215	2.248	—	5.578	(36)
113 Lífeyrissjóðir ...	—	5	10	2.145	—	2.160	(805)
12 Einkaaðilar	880	—	—	—	—	880	420
2 Erend lán, alls	663	1.025	3.346	—	—	5.034	8.345
21 Löng erlend lán ...	743	1.025	4.291	—	—	6.059	2.500
22 Stutt erlend lán ...	÷80	—	÷945	—	—	÷1.025	5.845
3 Samtals (1+2)	5.697	2.189	21.265	5.237	615	35.003	8.765

¹ Ríkisfyrirtæki talin með.

hlutfallslega miklu meira en lán bankakerfisins. Kemur þar ýmislegt til, svo sem að bankar gengust undir útlánamörk á árinu 1975, auk þess sem lausafjárstaða þeirra var mjög þröng vegna mikils útstreymis árið á undan. Í öðru lagi færðust lán vegna breytinga á stuttum bankaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja yfir á fjárfestingarlánasjóði á árinu 1975. Er þannig um að ræða 2.012 m.kr. tilfærslu lána frá bankakerfinu yfir á fjárfestingarlánasjóði, án þess að heildarframboð lánsfjár breyttist nokkuð þess vegna. Í þriðja lagi var útlánageta fjárfestingarlánasjóða rýmri en oft áður, sérstaklega vegna stóraukinna erlendra lána. Að venju rennur meirihluti lánsfjár til atvinnuveganna eða um 58% á árinu 1975. Þetta er nokkru lægra hlutfall en árið 1974, en þá var það 61% og munar mest um, að ríkissjóður tekur til sín aukið lánsfé á árinu 1975 í formi yfirdráttar við Seðlabankann. Þannig varð lánsútstreymið til ríkissjóðs um 20% af heildarútstreymi ársins 1975, en það var 16% árið 1974. Bæjar- og sveitarfélög lækkuðu aftur á móti hlutdeild sína á árinu 1975 í 4% úr rúmum 6%. Einstaklingar fengu nokkru



Erlend lán 1974 og 1975

Lántakendur	1974			Bráðabirgðatölur 1975		
	Innk. lán	Afb.	Nettó	Innk. lán	Afb.	Nettó
Opinberir aðilar	5.081	1.167	3.914	11.468	2.000	9.468
Ríkissjóður, alls	2.012	672	1.340	4.159	880	3.279
Þ. a. ríkissjóður sjálfur	1.028	285	743	1.267	439	828
— til ríkisfyrirtækja	—	238	÷238	464	130	334
— — bæjar- og sveitarf.	—	15	÷15	147	35	112
— — fjárfestingarlánasj.	654	60	594	2.036	91	1.945
— — atvinnuvega	330	74	256	245	185	60
Ríkisfyrirtæki, alls	1.848	314	1.534	5.893	900	4.993
Bæjar- og sveitarfélög	1.221	181	1.040	1.416	220	1.196
<i>Lánastofnanir</i>	2.614	708	1.906	6.759	1.703	5.056
Seðlabanki	998	116	882	1.659	302	1.357
Viðskiptabankar	1.359	373	986	4.197	921	3.276
Fjárfestingarlánasjóðir	257	219	38	903	480	423
þ. a. Fiskveiðisjóður	—	—	—	—	54	÷54
<i>Einkaaðilar</i>	4.067	1.328	2.739	2.254	1.934	320
Fiskiskip	1.941	364	1.577	416	750	÷334
Fiskiðnaður	52	25	27	49	51	÷2
Skip, önnur en fiskiskip	1.441	325	1.116	460	590	÷130
Flugvélar	97	400	÷303	950	135	815
Annað	536	214	322	379	408	÷29
Erlend lán, alls	11.762	3.203	8.559	20.481	5.637	14.844

meira af ústreyminu 1975 eða 18,6% í samanburði við 16,8% árið áður. Uppistaðan í lánum til einstaklinga eru lán til íbúðar-eigenda, og varð töluverð aukning í lánum fjárfestingarlána-sjóða og lífeyrissjóða til þeirra.

Erlend lán

Í yfirlitinu um erlend lán, sem hér fylgir, má sjá, hvernig aukning erlendra lána skiptist milli opinberra aðila og einkaaðila. Erlend lán til lánastofnana eru einnig sýnd sérstaklega. Athyglis-verðast við myndina, sem þar er dregin upp, er, að lán til opinberra aðila rúmlega tvöfaldast á árinu 1975 frá árinu 1974, ef reiknað er með meðalgengi hvors árs um sig. Einkaaðilar draga sín lán hins vegar saman um nær helming. Þess ber þó að geta, að í erlendum lántökum ríkissjóðs felst í auknum mæli láns-útvegum fyrir fjárfestingarlánasjóði. Auk þess voru lántökur ríkisfyrirtækja erlendis 1975 rúmlega þrisvar sinnum hærrí en árið 1974, einkum vegna mikilla virkjunarframkvæmda á síðasta ári.

Innlendur sparnaður

Eftir verulegan samdrátt í innlendum sparnaði á árinu 1974 jókst hann nokkuð á árinu 1975 og var þá rúm 25% af þjóðarframleiðslu samanborið við 23,5% árið 1974. Innlend fjárfesting á árinu 1975 var mun hærrí en sparnaðurinn, og viðskiptahallinn varð svipaður í hlutfalli af þjóðarframleiðslunni og árið 1974. Þannig nam erlent fjármagn til innlendrar fjárfestingar um 11,5% af þjóðarframleiðslunni árið 1975, en hlutfallið var um 11,3% á árinu 1974.

GENGISMÁL

Svipað ástand var ríkjandi á árinu í gengismálum erlendis og verið hafði tvö undanfarandi ár. Gengi gjaldmiðla helztu iðnaðarríkja var fljótandi, og talsverðar gengisbreytingar áttu sér stað, fyrst og fremst fyrir áhrif markaðsafla. Á árinu bættist Frakkland í hóp þeirra Evrópulanda, sem hafa samflot með takmörkuðum gengissveiflum innbyrðis, en hin eru Þýzkaland, Holland, Belgía, Danmörk, Noregur og Svíþjóð. Nokkur önnur lönd hafa fylgt með í gengisþróun þessara landa, þótt þau séu ekki formlegir aðilar að samstarfinu. Önnur lönd hafa fylgt öðrum mikilvægum viðskiptagjaldmiðlum, sem fljóta sjálfstætt, eins og bandaríkjadollar, sterlingspundi og japönsku yeni. Nokkur hópur landa tekur mið af fleiri en einum gjaldmiðli við gengisskráningu og önnur af gengi sérstakra dráttarréttinda, sem ákveðst á þann hátt. Loks eru ýmis lönd, sem ekki eiga samleið með neinum öðrum í gengismálum, einkum vegna verðbólgu eða stjórn málaerfiðleika, og hefur gengisskráning þeirra verið óháð og sveigjanleg eftir aðstæðum.

Eins og árið á undan urðu verulegar gengissveiflur í þessu kerfi á árinu. Ástæður voru að sjálfsögðu margar, svo sem mismunandi verðlagsþróun innanlands og sveiflur á greiðslujöfnuði gagnvart útlöndum. En auk þessara atriða beindist athyglin á árinu að áhrifum ólíkra aðstæðna á peningamörkuðum innanlands og vaxtamismunar landa í milli á gengisþróunina. Í fastgengiskerfinu leiddi slíkur munur til fjármagnshreyfinga milli landa, en nú sveiflast gengið einnig.

Fyrir íslenzkan þjóðarbúskap eru breytingar á gengi bandaríkjadollars mikilvægastar, enda falla gjaldeyrstekjur að mjög miklu leyti til í dollurum, en meirihuti innflutnings kemur frá öðrum löndum en Bandaríkjunum. Gengissveiflur dollars hafa því bein áhrif á viðskiptakjörin. Gengi hans fór lækkandi fyrstu tvo mánuði ársins 1975 og var það áframhald þróunar, sem staðið hafði síðustu mánuði ársins á undan. Þá tók gengi dollars að styrkjast aftur, og hækkaði það sérstaklega mánuðina júní til september, þegar meðalgengi hækkaði um nálega 5%,

Gengisþróun krónunnar



en eftir það varð lítils háttar lækkun. Aðrar helztu gengisbreytingar á árinu voru nokkur hækkun á japönsku yeni, nokkur lækkun á þýzku marki og veruleg lækkun á sterlingspundi.

Gengisskráning íslenzkrar krónu er sveigjanleg og markaðsgengi hennar ákveðið af Seðlabankanum innan marka, sem ríkisstjórnin setur. Á árinu 1975 varð heildarlækkun á vegnu meðalgengi krónunnar samtals 27,2%, en gagnvart bandaríkjadollar varð lækkunin nokkru meiri eða 30,6%, enda hækkaði gengi hans á þessu tímabili eins og fyrr segir. Gengisbreyting krónunnar átti sér stað með tvennum hætti, þ. e. a. s. með mörgum litlum breytingum í tengslum við daglegar gengisbreytingar á alþjóðamarkaði og auk þess með einni meiriháttar breytingu í febrúar. Verður nú vikið nánar að gengisþróuninni 1975.

Frá ársbyrjun og fram til 11. febrúar lækkaði vegið meðalgengi krónunnar um 1,9%. Á þessum tíma var gengi dollars lækkaði, og var gengi krónunnar látið fylgja gengi hans, en til viðbótar kom nokkur lækkun á móti dollar, enda var ljóst orðið, að gengislækkun yrði vart umflúin.

Breyting í febrúar

Hinn 11. febrúar tilkynnti ríkisstjórnin, að hún teldi, að höfðu samráði við bankastjórn Seðlabankans, óhjákvæmilegt, að tekin yrði ákvörðun um breytt gengi íslenzku krónunnar. Í kjölfar þess var felld niður gengisskráning erlends gjaldeyris dagana 12. og 13. febrúar. Gengisskráning var tekin upp að nýju 14. febrúar. Hið nýja gengi var 20% lægra en það gengi, sem í gildi var, áður en gengisskráning var felld niður, og var kaupgengi dollars ákveðið kr. 149.20, en sölugengi kr. 149.60. Jafnframt var ákveðið, að gildi gullkrónu og annarra gullmynta yrði framvegis byggt á daglegu miðmarkaðsgengi.

Gengisbreytingin var talin nauðsynleg vegna hinnar ískeygglegu rýrnunar, sem átt hafði sér stað á stöðu þjóðarbúsins mánuðina á undan. Eftir að gengi krónunnar hafði síðast verið breytt

í september 1974 og jafnframt gerðar viðtækar hliðarráðstafanir, stóðu vonir til þess, að þær aðgerðir, ásamt frekara aðhaldi í fjármálum og peningamálum, nægðu til þess að rétta við hag útflutningsatvinnuveganna og koma á viðunandi greiðslujöfnuði við útlönd. Reyndin varð hins vegar sú, að viðskiptakjörin rýrnuðu um meira en 10% á nokkrum mánuðum og söluerfiðleika gætti á ýmsum mörkuðum, jafnframt því sem verðlag og framleiðslukostnaður hafði hækkað miklu meira hér á landi en í helztu viðskiptalöndum Íslendinga, þannig að rekstrarstaða útflutningsatvinnuveganna og greiðslujafnaðarhorfur gjörbreyttust. Ekki tókst heldur að forða tekjuhalla opinberra aðila.

Með gengisbreytingunni í febrúar var teflt á tæpasta vaðið um afkomu sjávarútvegsins að henni lokinni og að afstaðinni þeirri hækkun fiskverðs til útgerðarinnar, sem vitað var að fylgja mundi í kjölfarið. Gert var ráð fyrir verulegum greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, einkum út á freðfisk og loðnuafurðir, sem lækkað höfðu mjög í verði. Var þessi stefna tekin m. a. með tilliti til þess, að húizt var við verðhækkunum, einkum á freðfiski og loðnuafurðum, áður en langt um liði. Þær vonir brugðust þó að mestu, og komið var fram undir árslok, þegar afurðir þessar hækkuðu loks nokkuð í verði. Jafnframt hélt innlendur tilkostnaður áfram að hækka.

Af þessum ástæðum var talið nauðsynlegt, að meðalgengi krónunnar héldi áfram að lækka smátt og smátt. Nam lækkun vegins meðalgengis samtals 6,8%, frá því að gengisskráning var hafin á ný eftir lækkunina 14. febrúar og fram til áramóta. Vegna mikillar hækkunar á gengi dollars á alþjóðamarkaði varð lækkunin gagnvart dollar verulega meiri eða 12,5%. Gengissig gagnvart dollar átti sér stað allt þetta tímabil, en var þó heldur meira á síðari hluta ársins en fyrir mitt ár. Fram undir júlilok gerði það þó ekki betur en vega upp á móti áhrifum af hækkun á gengi dollars, en eftir það fór vegið meðalgengi gagnvart öllum myntum lækkandi. Þessi gengispróun var útflutningsatvinnuvegunum, sjávarútvegi og iðnaði, mjög í hag, enda eru tekjur þeirra að verulegu leyti í dollurum eins og fyrr segir, en útgjöld í öðrum gjaldmiðli fyrst og fremst. Gerði hún nokkru betur en að vega upp á móti innlendum kostnaðarhækkunum og kom að nokkru í stað þeirra hækkana á erlendum mörkuðum, sem treyst var á við gengisbreytinguna í febrúar. Með gengissigi var jafnframt hamlað gegn því, að eftirspurn beindist út úr landinu vegna innlendarar kostnaðarhækkunar á árinu með því að hækka erlenda vöru til móts við innlenda. Með því hefur staða innlands samkeppnisíðnaðar einnig verið styrkt og dregið úr rýrnum gjaldeyrisstöðunnar miðað við það, sem annars hefði orðið.

Gengissig

ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast greiðsluviðskipti Íslands fyrir hönd íslenzkra stjórnvalda bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og Alþjóðabankann svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1975 var aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans var Ólafur Jóhannesson og varafulltrúi Matthías Á. Mathiesen. Allir íslenzku fulltrúarnir sóttu aðalfundi þessara stofnana, sem haldnir voru í Washington í byrjun september. Sameiginlegir fulltrúar Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru þeir Per Ásbrink frá Svíþjóð, aðalfulltrúi, og Knut Andreassen frá Noregi fram til 28. febrúar, en Jörn H. Kjær frá Danmörku eftir það. Í bankastjórn Alþjóðabankans var aðalfulltrúi Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri og varafulltrúi Annikki Saarela frá Finnlandi til 28. febrúar, en Jon Aase frá Noregi eftir það.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu markaðist einkum af tvennu. Annars vegar voru ráðstafanir til þess að draga úr afleiðingum af áframhaldandi gífurlegu misvægi í greiðslujöfnuðum landa í milli, og hins vegar voru stöðugar umræður og samningar um endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins.

Endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins miðaði verulega áleiðis, þótt endanlegt samkomulag hefði ekki náðst fyrir árslok. Starf þetta fór fram bæði í bráðabirgðastjórnarnefnd, sem komið var á fót innan sjóðráðsins árið áður, svo og í sjóðsstjórninni. Bráðabirgðastjórnarnefndin hélt þrjá fundi á árinu, en þess á milli fóru fram nær stöðugar viðræður í sjóðsstjórninni. Jafnframt þessu fór fram endurskoðun á kvótum í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og náðist grundvallarsamkomulag um 32,5% aukningu á árinu og skiptingu hennar á einstök lönd. Mun kvóti Íslands hækka samkvæmt þessu úr 23 millj. SDR í 29 millj. SDR. Aðalfulltrúi Norðurlanda í bráðabirgðastjórnarnefndinni er Per

Kleppe frá Noregi, en á fundum hennar eru fulltrúar frá öllum Norðurlöndum.

Útlán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hafa aldrei orðið meiri en á síðasta fjárhagsári, þegar þau námu 6,6 milljörðum SDR. Eru þá meðtalin olíulán hans, sem eins og nafnið bendir til er ætlað að mæta misvægi á greiðslujöfnuði vegna stórhækkunar olíuverðs. Ísland tók gjaldeyrislán að fjárhæð 15,95 millj. SDR hjá sjóðnum, þar af 10,1 millj. SDR olíulán og 5,75 millj. SDR almennt yfirdráttarlán. Í árslok nam heildarskuld Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 37,1 millj. SDR, þar af 25,6 millj. SDR olíulán og 11,5 millj. SDR almenn yfirdráttarlán. Jafngildi þeirra var í árslok samtals 7.418 millj. ísl. króna.

**Alþjóðabankinn og
systurstofnanir hans**

Á því fjárhagsári Alþjóðabankans, sem lauk 30. júní 1975, námu útlán bankans 4.320 millj. dollara, útlán Alþjóðapróunarstofnunarinnar 1.576 millj. dollara og Alþjóðafjármálastofnunarinnar 212 millj. dollara.

Útistandandi skuld Íslands við Alþjóðabankann nam 37,7 millj. dollara í árslok 1975. Framkvæmdir standa nú yfir fyrir tvö lán frá bankanum, þ. e. a. s. 7 millj. dollara lán til hafnargerðar á Suðurlandi og 10 millj. dollara lán til Sigölduvirkjunar. Gert er ráð fyrir, að þetta séu síðustu lán Alþjóðabankans til Íslands og að Ísland verði í framtíðinni fremur veitandi en þiggjandi á þessu sviði.

Framlag Íslands til Alþjóðapróunarstofnunarinnar nemur 113 m.kr. á yfirstandandi þriggja ára fjárhagstímabili.

Gjaldeyrislán

Í október gerði Seðlabankinn samning við nokkra bandaríska og evrópska banka undir forystu Citicorp International Bank Ltd. um 45 milljón dollara lántökuheimild. Var samningur þessi gerður til að styrkja gjaldeyrisstöðu landsins, ef til frekari rýrnunar gjaldeyrisforðans kynni að koma. Lántökuheimild þessi verður í gildi í þrjú ár, en endurgreiðslur á notkun hennar dreifist yfir næstu þrjú ár þar á eftir. Ekki var gripið til heimildar þessarar á árinu 1975.

Norræn samvinna

Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náð samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fundi, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1975 var seðlabankafundurinn haldinn í Noregi. Seðlabankinn hefur auk þess tekið þátt í störfum Fjárhagsnefndar Norðurlanda af Íslands hálfu. Hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni, einkum á sviði alþjóðafjármála. Nefndin starfaði mikið á árinu, aðallega til undirbúnings alþjóðlegra funda um endurskoðun alþjóðagjaldeyriskerfisins.

**Norræni
fjárfestingarbankinn**

Stofnun norræns fjárfestingarbanka hefur verið á döfnni og til umræðu hjá Norðurlandaráði á annan áratug. Mál þetta fékk aukinn byr á árinu 1975 og var samþykkt á fundi ráðherranefndar Norðurlanda í Reykjavík í febrúar 1975, að komið skyldi á fót nefnd til að semja tillögur um stofnun banka. Var nefndin skipuð sérfræðingum frá öllum löndunum, og skilaði hún álit í maí 1975, sem var lagt fyrir fund ráðherranefndar í júní. Samþykkti ráðherranefndin frumvarp nefndarinnar til samnings um stofnun bankans, og aukaping Norðurlandaráðs í nóvember 1975 mælti með stofnun hans. Samningur um stofnun bankans var síðan undirritaður í Kaupmannahöfn 4. desember 1975. Er bankanum almennt ætlað að styrkja efnahagsþróun á Norðurlöndum. Hann mun þó sérstaklega hafa það markmið að stuðla að samvinnu milli tveggja eða fleiri Norðurlandanna um mikilvægar framkvæmdir á sviði samgangna og orkuframleiðslu og á öðrum sviðum, þar sem hagsmunir landanna fara saman. Stofnfé bankans á að nema 400 millj. SDR, þar af er framlag Íslenzka ríkisins 4 millj. SDR. Leggur hver samningsaðili fram fjórðung stofnframlags á rúmlega tveimur árum eftir gildistöku samþykktar. Gert er ráð fyrir, að bankinn afli sér lánsfjár til starfsemi sinnar á Norðurlöndum og utan þeirra. Innborgað framlag verður einnig notað til lánveitinga. Aðsetur bankans verður í Helsinki.

**Greiðsluviðskiptin
við Sovétríkin**

Í lok október var gerður samningur við Sovétríkin um breytingu á viðskipta- og greiðslusamningi ríkjanna frá 1953 í það horf, að teknar yrðu upp greiðslur í frjálsum gjaldeyri milli landanna frá 1. janúar 1976, en hætt við notkun vöruskiptareikninga milli landanna. Jafnframt voru gerðir samningar um gagnkvæma kvóta í viðskiptunum fyrir árin 1976—1980.

Í framhaldi þessara samninga gerðu Seðlabanki Íslands og utanríkisverzlunarbanks Sovétríkjanna sérstakt samkomulag, dags. 10. desember, og er í því ákveðið, hvernig skuldir af hálfu Íslands, sem eftir standa við lok jafnvirðiskaupanna, skuli greiddar.

Jafnframt var samið af hálfu bankanna um viðskiptin í frjálsum gjaldeyri frá byrjun árs 1976 og stofnun nýs viðskiptareiknings Seðlabankans við hinn erlenda banka, og er sá reikningur í frjálsum bandaríkjadollurum.

UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Samkvæmt samningi við fjármálaráðuneytið annast Seðlabankinn rekstur Ríkisábyrgðasjóðs, og samkvæmt ákvæðum í hafna- og orkulögum annast bankinn bókhald og afgreiðslu fyrir Hafnabótasjóð og Orkusjóð.

Ríkisábyrgðasjóður

Nokkur aukning varð á fjölda og fjárhæð nýrra ríkisábyrgða miðað við árið á undan, eins og yfirlitið hér á eftir ber með sér. Mjög mikil aukning varð á ábyrgðum á lánnum til hafnargerða miðað við fyrra ár, bæði að fjölda og fjárhæð. Lán þessi eru öll úr Hafnabótasjóði, en lánastarfsemi hans var mjög mikil eins og nánar er getið annarsstaðar. Ábyrgðir vegna samgangna eru vegna flugvélakaupa Flugleiða og vegna kaupa á ferjuskipinu Akraborg.

	1974		1975	
	Fjöldi	M. kr.	Fjöldi	M. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	2	16	71	323
Vatnsveitur	7	12	3	5
Hitaveitur	—	—	1	2
Fiskiðnaður	6	14	3	9
Iðnaður	5	96	5	129
Raforkumál, virkjanir	5	1.367	1	822
Samgöngur	—	—	3	2.307
Togarakaup	30	1.792	1	30
Byggingarsamvinnufélög	642	297	727	480
Annað	10	59	4	14
	707	3.653	819	4.121

Í heild dró nokkuð úr greiðslum, sem á Ríkisábyrgðasjóð féllu vegna ábyrgða, miðað við fyrra ár. Fjárhæð innleystra krafna jókst þó mjög mikið, en endurgreiðslur frá skuldurum jukust þó meira. Verulegur hluti þeirra krafna, sem á sjóðinn falla nú, er vegna lána til kaupa á skuttogurum, en þau lán eru tryggð með sjálfskuldarábyrgð. Skuldir sveitarfélaga við sjóðinn hafa ekki aukizt, þrátt fyrir að á hann féllu talsverðar greiðslur af lánnum

þeirra, þar eð slíkar kröfur hafa innheimzt af framlögum úr Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga. Á yfirlitinu hér á eftir má sjá greiðslur úr sjóðnum vegna vanskila og endurgreiðslur frá skuldurum, eins og þær hafa verið undanfarin ár.

<i>M.kr.</i>	1971	1972	1973	1974	1975
Innleystar kröfur	200	177	277	318	720
Endurgreiðslur skuldara	107	133	243	243	681
	93	44	34	75	39

Í tengslum við Ríkisábyrgðasjóð er Tryggingardeild útflutningslána. Starfsemi hennar var lítil sem engin á árinu.

**Lánaumsjá
fyrir ríkissjóð**

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur, en samkvæmt lögum annast Ríkisábyrgðasjóður vörzlu lána þeirra, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af fé því, sem hann tekur í því skyni að endurlána það. Heildarfjárhæð slíkra lána í vörzlu Ríkisábyrgðasjóðs nam í árslok 1975 27.027 m.kr. og hækkaði um 11.059 m.kr. á árinu. Heildarfjárhæð nýrra lána, sem afgreidd voru í nafni ríkissjóðs á árinu, nam 6.932 m.kr.

Í fjárlögum 1975 og lögum nr. 11/1975 var heimilað að gefa út spariskírteini að fjárhæð 1.100 m.kr. auk skírteina í stað þeirra, sem innleyst kynnu að verða. Spariskírteini voru nú seld í 2 flokkum, og nam fjárhæð seldra skírteina alls 1.215 m.kr. Sala fyrra flokksins hófst í janúar 1975. Alls voru í þeim flokki seld spariskírteini að fjárhæð 910 m.kr. Síðari flokkurinn að fjárhæð 305 m.kr. var seldur í september. Kjör skírteina þeirra, sem seld voru, voru svipuð þeim, sem giltu um spariskírteini 1974. Hámarkslánstími er 18 ár, en skírteini eru innleysanleg eftir 5 ár. Meðalvextir fyrir allan lánstímann eru um 4% p. a., en vextir fyrstu 5 árin eru 3% p. a. Grunnvísitala skírteina í fyrra flokknum var vísitala byggingarkostnaðar hinn 1. marz 1975, 1563 stig, en grunnvísitala síðara flokksins var 1986 stig. Alls hafa nú verið gefin út spariskírteini að nafnverði 3.435 m.kr. í 20 flokkum. Önnleystar eftirstöðvar þessara skírteina námu 3.267 m.kr. að nafnverði í árslok 1975, en innlausnarverð þeirra nam alls 10.112 m.kr. í lok ársins. Á árinu 1975 kom til lokainnlausnar fyrsti flokkur spariskírteina, sem út var gefinn, skírteini frá 1964. Innlausnarvirði þeirra skírteina, sem önnleyst voru, nam 702 m.kr. Alls voru innleyst skírteini úr þessum flokki að fjárhæð 690 m.kr. á árinu.

Heimilað var í lögum þeim, sem fyrr getur, að gefa út verð-

tryggð happdrættisbréf að fjárhæð 300 m.kr. Sala bréfanna hófst í október og lauk í desember. Happdrættisbréfin, sem eru í G-flokki, verða innlest eftir 10 ár eins og gilt hefur um bréf í fyrri flokkum. Vextir greiðast ekki af bréfunum, en vinningar, sem nema 10% af heildarfjárhæð flokksins, eru dregnir út árlega. Við innlausn greiðist á nafnverð bréfanna verðbót, sem miðast við hækkun framfærsluvísitölu, frá því sem var í nóvember 1975. Þetta er 7. flokkur happdrættisskuldabréfa, sem út er gefinn. Heildarfjárhæð útgefina bréfa nam 1.110 m.kr. í árslok 1975. Innlausnarvirði þessara 7 flokka happdrættisskuldabréfa nam alls 2.033 m.kr. í árslok 1975.

Ríkissjóður tók tvö almenn framkvæmdalán erlendis á árinu. Hið fyrra var tekið í ágúst hjá National Commercial Bank í Jeddah í Saudi-Arabíu. Það nam 15.000.000 saudi-ryals eða 677 m.kr. Það lán er til 3 ára og endurgreiðist í einu lagi við lok lánstímans, en vilyrði er um framlengingu lánstíma um 3 ár til viðbótar. Vextir eru breytilegir. Síðara lánið var tekið á vegum Arab Financial Consultants Co. í Kuwait í desember. Það er að fjárhæð 4.000.000 kuwait-dinars eða 2.298 m.kr. Lánið er afborgunarlaust fyrstu árin, en endurgreiðist á árunum 1980—1982. Vextir eru 8,75% p. a. Lánnum þessum var varið til framkvæmda samkvæmt áætlun um opinberar framkvæmdir og til lánveitingar til Framkvæmdasjóðs. Til þess að standa straum af áætlun um opinberar framkvæmdir voru enn fremur tekin erlend bráðabirgðalán fyrir milligöngu Seðlabankans, sem í árslok námu um 3.929.000 bandaríkjadollara eða um 672 m.kr.

Orkusjóður

Orkusjóður starfaði á svipaðan hátt á sl. ári eins og verið hefur undanfarin ár. Framlög til sjóðsins á fjárlögum voru 170 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, sem nam 536 m.kr. Í febrúar 1975 voru sett lög um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar. Samkvæmt þeim skyldi varið fjárhæð, er næmi 1 sölu-skattsstigi, í þessu skyni. Hluti af tekjum samkvæmt lögum þessum rann til Orkusjóðs og skyldi varið til að flýta fyrir hitaveituframkvæmdum. Gildistími laganna var frá 1. marz 1975 til 28. febrúar 1976. Tekjur Orkusjóðs samkvæmt lögum þessum námu 224 m.kr. á árinu. Af tekjum þessum voru veittir styrkir og lán til jarðborana eftir heitu vatni. Lántökur sjóðsins námu alls 1.305 m.kr., en lánveitingar 1.309 m.kr. Lánveitingar til Rafmagnsveitna ríkisins námu 1.110 m.kr., og lán til bænda vegna einkarafstöðva námu 7 m.kr. Lán til jarðhitaleitar námu alls 192 m.kr. Óafturkræf framlög og styrkir námu alls 815 m.kr. á árinu, þar af voru framlög til Rafmagnsveitna ríkisins 732 m.kr.

Hafnabótasjóður

Starfsemi Hafnabótasjóðs var meiri á sl. ári en nokkru sinni fyrr, sem m.a. stafar af því, að lánveitingar, sem fara áttu fram á árinu 1974, færðust yfir á árið 1975. Alls voru afgreidd úr sjóðnum 97 lán, samtals að fjárhæð 361 m.kr., auk 5 bráðabirgðalána út á fjárveitingar, samtals 71 m.kr. Alls námu afgreidd lán því 432 m.kr. Nokkru meiri lánveitingar voru þó fyrirhugaðar, þar eð samþykktir um lán námu alls 490 m.kr. Á árinu var tekið lán hjá Seðlabanka að fjárhæð 60 m.kr. og bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingarsjóði að fjárhæð 165 m.kr., en það lán á að endurgreiðast á þessu ári. Framlag til sjóðsins skv. fjárlögum nam 65 m.kr., sem er 12 m.kr. hærra en árið áður. Hreinar vaxtatekjur ársins 1975 námu 26 m.kr., en voru 9 m.kr. árið áður.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Hin óhagstæða verðlagsþróun á ýmsum mikilvægum útflutningsmörkuðum sjávarútvegsins, er hófst á árinu 1974, hélt áfram á árinu 1975. Leiddi þetta til verulegra greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði annað árið í röð. Tók þetta til freðfisks og loðnumjöl, en aftur á móti var enn greitt inn í sjóðinn af saltfiski, þó að það færi mjög minnkandi.

Minnkandi greiðslur í sjóðinn og vaxandi greiðslur úr honum áttu ekki eingöngu rætur sínar að rekja til verðlækkana á útflutningsmörkuðunum, heldur gætti þar einnig verulegra hækkana á framleiðslukostnaði sem afleiðingar af þeirri miklu verðbólgu, sem var á árinu. Þess sáust þó merki, þegar kom fram á síðasta ársfjórðung ársins 1975, að verðlagsþróunin væri að snúast til betri vegar, og hefur það raunar komið betur í ljós eftir því, sem tíminn hefur liðið.

Eftirfarandi yfirlit sýnir endanlegt uppgjör fyrir árið 1974 yfir innheimt fé og greiðslur úr sjóðnum:

	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
	<i>Þús. kr.</i>	<i>Þús. kr.</i>
Frystar fiskafurðir	0	508.306
Saltfiskur	667.571	0
Loðnumjöl	0	203.927
Loðnulýsi	55.975	0

Einnig var 50 m.kr. ráðstafað, sbr. lög nr. 106/1974, um ráðstöfun gengishagnaðar, til að verðbæta fiskimjöl, framleitt 1/1—31/8 1974.

Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1975 er enn ekki að fullu lokið, en gera má ráð fyrir, að innheimt fé og greiðslur úr sjóðnum eftir deildum geti numið þessum upphæðum:

	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
	<i>M. kr.</i>	<i>M. kr.</i>
Frystar fiskafurðir	0	1.260
Saltfiskur	175	0
Loðnumjöl	0	380
Loðnulýsi	0	3

Einnig var 50 m.kr. ráðstafað, sbr. lög nr. 55/1975, um ráðstöfun gengishagnaðar, til að verðbæta loðnumjöl, framleitt frá 23/3 til vertíðarloka 1975, (25 m.kr.), og fiskimjöl, framleitt frá 15/3 til 31/5 1975, (25 m.kr.).

Á árinu 1975 kom það fyrir í fyrsta skipti, að talin var hætta á, að sjóðurinn gæti ekki staðið við greiðslu verðbóta á grundvelli þess viðmiðunarverðs, sem ákveðið hafði verið. Átti þetta við um deildina fyrir frystar fiskafurðir. Varð það úr, að ríkisstjórnin tók að sér að tryggja, að fé skyldi vera fyrir hendi í þeirri deild til að standa við greiðslur. Hagstæðari verðlagsþróun síðari hluta ársins en gert hafði verið ráð fyrir og gengissig gerðu það hins vegar að verkum, að ekki kom til þess, að grípa þyrfti til þessarar tryggingar.

Gengismunur af sjávarafurðum

Um alllangt árabíl hefur það verið viðtekin regla við stofngengisbreytingar krónunnar að taka verðhækkun, sem orðið hefur á útflutningsafurðum, af gengislækkun og leggja inn á sérstakan reikning í Seðlabankanum. Við gengisbreytingarnar í lok ágúst 1974 og um miðjan febrúar 1975 var ákveðið með lögum, að gengismunur af sjávarafurðum skyldi lagður í sérstakan gengismunarsjóð, sem skyldi varið í þágu sjávarútvegsins, og var sú ráðstöfun fjárins einnig ákveðin með sérstökum lögum. Eftirfarandi yfirlit sýnir, hversu mikið innheimtist af fé þessu til loka árs 1975 og hvernig því var varið í meginatriðum.

	<i>Gengisbreyting 1974</i>	
	<i>Ráðstöfun</i>	<i>Innkomið</i>
Gengismunur		1.971
Vextir		55
Til greiðslu hækkunar flutningskostnaðar o. fl. v/ gengisbreytingar	342	
Til greiðslu hluta gengistaps v/erlendra skulda eigenda fiskiskipa	600	
Framl. til báta- og togaraflotans v/rekstrarerfiðleika	479	
Til greiðslu halla vegna niðurgreiðslu á olíu til fiskiskipa 1974	330	
Annað	86	
Mismunur, óráðstafað	189	
Samtals:	2.026	2.026

	<i>Gengisbreyting 1975</i>	
	<i>Ráðstöfun</i>	<i>Innkomið</i>
Gengismunur		1.848
Vextir		68
Til greiðslu hækkunar flutningskostnaðar o. fl. v/ gengisbreytingar	427	
Til greiðslu hluta gengistaps v/erlendra skulda eig- enda fiskiskipa	300	
Til Fiskveiðasjóðs Íslands	300	
Til lánveitinga vegna breytingar á lausaskuldum sjávarútvegsins	340	
Til Tryggingarsjóðs fiskiskipa	100	
Annað	287	
Mismunur, óráðstafað	162	
	<hr/>	<hr/>
Samtals:	1.916	1.916

REKSTUR BANKANS OG ÝMIS STARFSEMI

Rekstur Seðlabankans

Rekstrarhagnaður Seðlabankans til ráðstöfunar fyrir árið 1975 nam 13,9 m.kr. Til gjalda höfðu þá verið færðir 14% vextir af eigin sjóðum bankans að upphæð 113 m.kr. og arður af stofnfé 30 m.kr. Þátttaka í kostnaði Þjóðhagsstofnunar nam 21,6 m.kr. á árinu, og framlag til Eftirlaunasjóðs starfsmanna var 5 m.kr. Landsútsvar, launaskattur, gjöld af gjaldeyrisviðskiptum og fleiri opinber gjöld Seðlabankans námu alls 47,6 m.kr. Framlög til Reiknistofu bankanna námu tæpum 35 m.kr., og einnig voru ákveðnar afskriftir af kostnaði við bankabyggingar að upphæð 20 m.kr.

Auk gengisbreytingarinnar 14. febrúar 1975 urðu verulegar breytingar á daglegri gengisskráningu bankans á árinu, og hafði hvorttveggja verulega neikvæð áhrif á stöðu gengisbreytingareikninga bankans, sem breyttist úr 496,8 m.kr. kreditstöðu í ársbyrjun yfir í 726,9 m.kr. debetstöðu. Með hliðsjón af þessari þróun var ákveðið að afskrifa af gengisbreytingareikningum 315 m.kr. og lækka þannig debetstöðu þeirra í tæpar 412 m.kr. í árslokin.

Í árslokin var ákveðin ráðstöfun af tekjuafgangi í varasjóð 12,9 m.kr. Í varasjóð var einnig færð afskrift óinnleysta 25 kr. seðla að upphæð 7,9 m.kr. svo og raunhagnaður af sölu erlendra verðbréfa að upphæð 5,2 m.kr. Varasjóður hækkaði alls um 105 m.kr. á árinu og nam í árslokin 670 m.kr. Annað eigið fé bankans hækkaði um 35 m.kr. og nam tæpum 382 m.kr., en í tölum þessum er ekki tekið tillit til breytinga á stöðu gengisbreytingareikninga, sem greint er frá hér að ofan. Tekjur arðsjóðs námu alls 42,4 m.kr. á árinu, og var helmingi þeirra ráðstafað til Vísindasjóðs. Arðsjóður nam 109,5 m.kr. í árslokin.

Húsnæðismál

Engin breyting varð í húsnæðismálum bankans, og eru þau jafnerfið og verið hefur og starfsemin í fimm húsum. Er sérstaklega þröngt um afgreiðslu bankans. Hefur álag þar stóru aukizt undanfarin ár, þ. á m. vegna sölu og innlausnar spariskrifteina og happdrættisbréfa ríkissjóðs, stóruaukinnar vinnu við

seðla og mynt, innheimtu innistæðulausra tékka fyrir bankana og fleira. Er öll aðstaða bankans við geymslu, flutninga og afgreiðslu á seðlum, mynt og verðbréfum langt fyrir neðan viðunandi mörk. Mjög gætir og þrengsla hjá öðrum deildum bankans. Til þess að ráða nokkra bót á þessu þangað til að bankinn fær frambúðarhúsnæði, hefur hann tekið þrjár hæðir á leigu í húseigninni nr. 14 við Austurstræti. Standa vonir til, að þær verði teknar í notkun á miðju ári 1976, að lokinni lagfæringu.

Aðild að Reiknistofu bankanna

Á árinu var unnið að því á vegum bókhalds bankans og sérstakrar undirbúningsnefndar að undirbúa aðild Seðlabankans að Reiknistofu bankanna. Tók Seðlabankinn upp nýja tékka fyrir viðskiptamenn í ágúst, og var byggt á leshæfu lettri í vélum (OCR-kerfi) á tékkum og tilheyrandi færslugögnum við Seðlabankann frá 11. desember sl., en bókað var samhliða með gamla laginu út árið. Hefur vinna með þessi gögn breytt samsvarandi í aðal-bókhaldi og ávísanaskiptum yfir í vélavinnu við að árita inn á færslugögnin fjárhæðir og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

Starfi Reiknistofunnar á þessu fyrsta starfsári hennar verður lýst annarsstaðar, en flestir bankarnir voru farnir að njóta starfsemi hennar að meira eða minna leyti, þegar kom fram að áramótum. Formleg ávísanaskipti eru þó enn í Seðlabankanum, en reiknað er með, að þau flytji í Reiknistofuna fljótlega.

Seðlabankinn á aðild að stjórn Reiknistofunnar samkvæmt samningi bankanna um hana. Hann gerði samninga við Útvegsbankann um húsnæði í útibúi hans á Kópavogshálsi og framleigir Reiknistofunni það rými, sem hún þarf til starfsemi sinnar.

Meðferð tékka

Haldið var áfram samræmdum innheimtuaðgerðum Seðlabankans á vegum bankanna til að sporna við tékkamisferli. Var meðal annars efnt til þriggja skyndikannana ávísana á Reykjavíkursvæðinu og einnar á Akureyri. Tæplega 25.000 tékkar bærust til innheimtunnar, en rúmlega 19.000 árið áður. Mest bar á tékkum með lágum fjárhæðum innan við 10.000 kr.

Seðlar og mynt

Í lok ársins voru seðlar og mynt í umferð 4.679 milljónir króna og höfðu aukizt um 27,2% á árinu, en árið áður var aukningin 28,7%. Báru 5000 kr. seðlar meginþungann af hinni auknu seðlaumferð, og er hlutdeild þeirra í seðlamagninu orðin um 75%, eins og fram kemur í 16. töflu, sem sýnir skiptingu seðlamagnsins á einstakar seðlastærðir. Að því er seðlafjöldann varðar, voru 100 kr. seðlar langflestir eða 57%, en fjöldi 5000 kr. seðla aðeins 17%.

Á árinu voru settar í umferð 51,3 m.kr. af skiptimynt í fjórum myntstærðum, sem allar voru slegnar með ártalinu 1975. Kostnaðarverð krónupeninga við síðustu sláttu var 2,60 kr. pr. stk., og verður útgáfu þeirra nú hætt í núverandi mynd. Krónu-

peningar, sem væntanlegir eru í júlí 1976, verða úr áli í stað nikkell/brons áður og stærð þeirra, sem verið hefur 22,5 mm, verður breytt í 17 mm, en að öðru leyti verður útlit peninganna óbreytt frá því, sem verið hefur. Kostnaðarverð hinna nýju peninga skv. tilboði Royal Mint er 1,28 kr. pr. stk.

Fjöldi seðla og myntar, sem fór um seðlagreiningu og mynttölningu á árinu 1975, jókst um 11% frá árinu áður. Vélakostur í báðum þessum deildum var að nokkru endurnýjaður og bættur á árinu, þannig að fjöldi starfsfólks hélzt óbreyttur eða 8 við seðlagreiningu og 2 við mynttölningu.

Í 15. töflu í töflusafninu er sýnt mánaðarlegt yfirlit yfir veltu seðla og myntar árin 1974 og 1975, en 17. tafla sýnir skiptingu myntar á myntstærðir.

Þjóðhátíðarmynt

Sölu þjóðhátíðarmyntar frá 1974 var hætt 18. júlí 1975. Sala myntarinnar hófst 4. apríl 1974, og voru allar gerðir hennar uppseldar um miðjan ágúst það ár nema sérunnir silfurpeningar. Gekk sala þeirra erlendis nokkru verr en vonir stóðu til, svo að ákveðið var að hætta sölunni og lækka upplag þeirra um 17 þús. Einnig þótti óráðlegt að draga söluna meira á langinn með tilliti til útgáfu minnispeninga í framtíðinni og með hagsmuni kaupenda í huga. Óhætt er að segja, að útgáfa þjóðhátíðarmyntarinnar í heild hafi lánast mjög vel, en nettóhagnaður af sölu hennar nam yfir 300 millj. kr.

Starfsemi banka- eftirlitsins

Starfsemi bankaeftirlitsins á árinu 1975 var með svipuðum hætti og á undanförunum árum. Meginstarfsemin er í því fólgin að hafa almennt eftirlit með rekstri innlánsstofnana, þ. e. viðskiptabanka, sparisjóða, Söfnunarsjóðs Íslands og innlánsdeilda samvinnufélaga. Hefur frá upphafi verið reynt að fara til eftirlits í sparisjóðina nokkuð reglulega einu sinni á ári, en starfsemin hefur í æ ríkara mæli beint að viðskiptabönkunum. Er nú stefnt að því að framkvæma heildarathuganir hjá einstökum bönkum á 2—3 ára fresti, auk heimsóknna í einstök útibú þeirra til sérstakra athugana. Eftirlit með innlánsdeildum samvinnufélaga hefur verið stopulla en með öðrum innlánsstofnunum, enda óhægt um vik, vegna þess hve fjárhagsleg tengsl innlánsdeildanna og viðkomandi samvinnufélags eru nán.

Að loknum skoðunum í innlánsstofnunum hafa verið skrifaðar ítarlegar skýrslur um niðurstöður þeirra. Það fer svo eftir atvikum, hvort þessar skýrslur eru sendar til stjórnar viðkomandi stofnunar eða ekki. Um þetta atriði eru engin ákvæði í lögum eða reglugerðum, en í vaxandi mæli hafa stjórnendur innlánsstofnana fengið eintak af skýrslum bankaeftirlitsins, enda er oft hentugast og eðlilegast að koma sjónarmiðum eftirlitsins á framfæri

á þennan hátt. Á hitt er þó einnig að líta, að skýrslurnar eru vinnuþlökk bankaeftirlitsins og sumt, sem í þeim kemur fram, á ekki erindi til annarra en starfsmanna eftirlitsins. Athugasemdum um rekstur stofnunar eða önnur atriði, sem ástæða þykir til að gera athugasemdir við, er að öðru leyti ýmist komið á framfæri bréflaga eða með viðræðum við stjórnendur innlánsstofnunar eða hvort tveggja. Öllum alvarlegri athugasemdum er jafnframt komið á framfæri við viðskiptaráðherra, sbr. 10. gr. laga um Seðlabankann.

Auk hins eiginlega eftirlits annast bankaeftirlitið um framkvæmd á reglum um innlánsbindingu og söfnun og úrvinnslu gagna um rekstur og efnahag innlánsstofnana. Margvísleg önnur verkefni eru í höndum bankaeftirlitsins, eins og stuttlega verður vikið að hér á eftir.

Á árinu 1975 fóru bankaeftirlitsmenn í 36 sparisjóði. Framkvæmd var heildarathugun á Útvegsbankanum, þ. e. aðalbanka og öllum útibúum. Gerð var heildarúttekt á starfsemi Alþýðubankans pr. 31. október. Auk þessa voru gerðar sérstakar kannanir hjá 3 bankaútibúum á árinu.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1974 og 1975:

	<i>Árslok 1974</i>	<i>Árslok 1975</i>
Viðskiptabankar	7	7
Bankaútibú	60	64
Umboðsskrifstofur banka	14	15
Sparisjóðir	46	44
Innlánsdeildir samvinnufélaga	36	36
Afgreiðslustaðir alls	163	166

Tveir sparisjóðir hættu starfsemi á árinu, Sparisjóður Arnfirðinga, sem var yfirtekinn af Landsbanka Íslands við stofnun nýs útibús á Bildudal, og Sparisjóður Vestur-Skaftafellssýslu, sem hvarf til Búnaðarbanka Íslands við stofnun nýs útibús í Vík. Búnaðarbankinn yfirtók einnig umboðsskrifstofu Sparisjóðs Vestur-Skaftafellssýslu á Kirkjubæjarklaustri, sem var eina umboðsskrifstofan, sem rekin var af sparisjóði á landinu. Tvö önnur ný bankaútibú voru stofnuð á árinu, bæði á Reykjavíkursvæðinu. Verzlunarbanki Íslands hf. opnaði útibú í Breiðholti I, og Iðnaðarbanki Íslands hf. opnaði útibú í Breiðholti III.

Starfsmenn bankaeftirlitsins voru 5 talsins í árslok. Hafa starfsmönnum þess, auk beinna eftirlitsstarfa, verið falin ýmis tímabundin sérverkefni, einkum þar, sem upp hafa komið sérstök vandamál varðandi rekstur innlánsstofnana. Þannig hefur starfsmaður frá bankaeftirlitinu verið algerlega bundinn í Alþýðu-

bankanum h.f. frá því í byrjun desember s.l., enda komu í ljós veruleg vandamál í rekstri bankans við þá úttekt bankaeftirlitsins, sem nefnd er hér að framan. Um mitt árið voru tveir starfsmenn einnig frá reglulegum störfum í um fimm vikur vegna vandamála annarrar innlánsstofnunar.

Bankaeftirlit Seðlabankans hefur um nokkurt skeið haft nokkur samskipti við hliðstæðar stofnanir á öðrum Norðurlöndum. Hefur orðið verulegt gagn af þessum samskiptum, m. a. með miðlun upplýsinga um almennar starfsaðferðir.

STJÓRN BANKANS OG STARFSLIÐ

Stjórn bankans

Bankaráðið var kjorið á Alþingi í árslok 1972, og er kjörtími þess fjögur ár og rennur út í árslok 1976. Formaður bankaráðsins er Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður. Bankaráðið hélt 22 fundi á árinu.

Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri, sem hafði verið bankaráðsmaður við Seðlabankann frá 1. janúar 1965, lézt hinn 16. september 1975. Hann var fæddur 10. ágúst 1903. Sigurjón Guðmundsson bar hag Seðlabankans sem stofnunar mjög fyrir brjósti í tæplega ellefu ára starfi sem bankaráðsmaður. Tók Jón Skaftason, alþingismaður, við starfi Sigurjóns í bankaráðinu.

Starfsmenn bankans

Bankastjórnina skipa þrjú menn, dr. Jóhannes Nordal, sem er formaður bankastjórnarinnar, Davíð Ólafsson og Guðmundur Hjartarson.

Sveinn Jónsson, forstöðumaður bankaeftirlitsins frá 1969, var ráðinn aðstoðarbankastjóri við bankann hinn 6. ágúst. Hann er fæddur 1935. Varð hann viðskiptafræðingur 1964 og löggiltur endurskoðandi haustið 1975. Sveinn veitir bankaeftirliti Seðlabankans áfram forstöðu, en að öðru leyti munu verkefni hans fyrst og fremst verða á vettvangi innlendra viðskipta Seðlabankans.

Engin breyting varð á heildartölu starfsmanna bankans á árinu. Eru þeir 114 í lok ársins í heilsdagsstörfum og er þá búið að taka tillit til þess, að nokkrir starfsmenn vinna sameiginleg verkefni fyrir Seðlabanka og Landsbanka, en 14 starfsmenn vinna hálf-dagsstörf.

STJÓRN OG HELZTU STARFSMENN
SEÐLABANKA ÍSLANDS
31. desember 1975

Bankastjórn

Jóhannes Nordal, formaður
Davíð Ólafsson
Guðmundur Hjartarson

Bankaráð

Ragnar Ólafsson, hæstaréttarlögmaður, formaður
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður, varaformaður
Birgir Kjara, hagfræðingur
*Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri**
Sverrir Júlíusson, forstjóri

Varamenn

*Jón Skaftason, alþingismaður**
Pétur Sæmundsen, bankastjóri
Alfreð Gíslason, læknir
Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi
Haukur Helgason, hagfræðingur

* Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri, lézt hinn 16. september 1975 og tók Jón Skaftason, alþingismaður, við starfi hans sem bankaráðsmaður.

HELZTU STARFSMENN

*Aðstoðarbankastjórar: Björn Tryggvason,
Sigurgeir Jónsson
Sveinn Jónsson*

Hagfræðingur: Kristinn V. Hallgrímsson

*Aðalskrifstofa: Sigurður Örn Einarsson, skrifstofustjóri
Skúli Sigurgírmsson, deildarstjóri
Ágústa Johnson, fulltrúi*

*Garðar Ingvarsson, hagfræðingur,
fulltrúi í lánamálum*

*Aðal bókhald: Jóhann T. Ingjaldsson, aðalbókari
Sigmundur Andrésson, fulltrúi aðalbókara*

*Aðalfjárhirzla: Stefán Þórarinnsson, aðalféhirðir
Sighvatur Jónasson, deildarstjóri afgreiðslu
Jón H. Friðsteinsson, fulltrúi aðalféhirðis
Torfi Ólafsson, deildarstjóri sedlagreiningar
Bjarni Kjartansson, deildarstjóri ávísanaskipta*

*Bankaefitirlit: Sveinn Jónsson, forstöðumaður
Stefán M. Gunnarsson, deildarstjóri*

Endurkaupadeild: Stefán B. Stefánsson, deildarstjóri

*Endurskoðunardeild: Gunnlaugur Arnórsson, aðalendurskoðandi
Pétur Urbancic, deildarstjóri*

Ríkisábyrgðasjóður: Harald S. Andrésson, forstöðumaður

*Gjaldeyriseftirlit: Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður
Jón V. Halldórsson, deildarstjóri
Ísólfur Sigurðsson, fulltrúi*

*Hagfræðideild: Ólafur Tómasson, forstöðumaður
greiðslujafnaðardeildar
Björn Matthíasson, deildarstjóri
Eiríkur Guðnason, deildarstjóri
Eiður H. Einarsson, fulltrúi
Sveinn E. Sigurðsson, fulltrúi*

*Lögfræðingar: Björn Ólafs
Sveinbjörn Hafliðason
Sigurður Thoroddsen
Sigfús Gauti Þórðarson*

*Útgáfustarfsemi: Valdimar Kristinsson, ritstjóri
og bókasafn: Haraldur Hannesson, bóka- og skjalavörður*

Seðlabanki Íslands

<i>Eignir</i>	Krónur
Erlendar eignir í frjálsum gjaldeyri:	
a) Gullmynt	kr. 202.954.218
b) Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	— 956.496.846
c) Gullframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	— 1.149.701.000
d) Erlendir bankar o. fl.	— 2.447.421.770
e) Erlend verðbréf og ríkisvixlar	— 4.381.345.809
	9 137 919 643
Krónuframlag til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	3 449 156 000
Innlánsstofnanir:	
a) Óinnleystir tékkar	kr. 4.469.224
b) Reikningsskuldir	— 25.712.819
c) Önnur stutt lán	— 1.667.500.000
d) Verðbréf	— 3.155.452.436
e) Endurkeyptir vixlar	— 12.523.821.000
f) Endurlánað erlent lánsfé	— 793.960.872
	18 170 916 351
Fjárfestingarlánastofnanir:	
a) Verðbréf	kr. 2.961.599.799
b) Endurlánað erlent lánsfé	— 223.652.228
	3 185 252 027
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	
a) Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	kr. 5.030.868.561
b) Ríkisstofnanir	— 1.703.573.798
c) Verðbréf	— 3.121.200.304
d) Endurlánað erlent lánsfé	— 3.868.268.679
	13 723 911 342
Aðrir aðilar:	
a) Ýmsir reikningar	kr. 12.422.119
b) Verðbréf bæjar- og sveitarfélaga	— 65.297.869
c) Önnur verðbréf	— 70.100.468
	147 820 456
Gengisbreytingareikningar	411 957 576
Bankabyggingar	9 578 859
Ýmsir skuldunautar	70 418 919
Ógreiddir vextir	203 189 149
Peningar í sjóði	5 620 671
	Kr. 48 515 740 993
Erlend ábyrgð utan efnahagsreiknings	Kr. 994 804 010

Efnahagur 31. desember 1975

<i>Skuldir</i>	Krónur
Seðlar og mynt	4 679 047 800
Innlánsstofnanir:	
a) Almennar innstæður kr. 1.807.264.104	
b) Innstæður á uppsagnarreikningum — 9.594.841	
c) Bundnar innstæður — 11.399.829.792	13 216 688 737
Fjárfestingarlánastofnanir	1 933 746 899
Ríkissjóður og ríkisstofnanir:	
a) Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs kr. 54.555.664	
b) Ríkisstofnanir — 1.624.126.206	1 678 681 870
Sjóðir í vörzlu opinberra aðila	2 604 914 128
Aðrir aðilar	786 344 214
Erlendar skuldir í frjálsum gjaldeyri til skamms tíma:	
a) Erlendir bankar o. fl. kr. 2.270.625.936	
b) Erlendir víxlar — 2.101.621.570	4 372 247 506
Vöruskiptareikningar	1 712 291 317
Erlend lán til langs tíma	3 570 119 505
Innstæður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	10 867 173 800
Mótvirði sérstakra dráttarréttinda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	1 483 414 009
Innstæður Alþjóðabankans og systurstofnana hans	51 879 852
Ýmsir skuldheimtumenn	134 939 017
Fyrirfram greiddir vextir	262 825 647
Arðsjóður	109 532 500
Stofnfé	100 000 000
Varasjóður	670 000 000
Húsbyggingarsjóður	200 000 000
Arðjöfnunarsjóður	74 000 000
Óráðstafaður tekjuafgangur:	
a) Frá fyrra ári kr. 6.853.532	
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1975 kr. 13.959.239	
	20.812.771
Frá dregst:	
a) Lagt í varasjóð kr. 12.918.579	7 894 192
	Kr. 48 515 740 993

Reykjavík, 18. febrúar 1976

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal

Davíð Ólafsson

Guðmundur Hjartarson

Jóhann T. Ingjaldsson

Seðlabanki Íslands

<i>Gjöld</i>	Krónur
Vextir af innstæðum	2 470 852 373
Vextir af eigin sjóðum	113 000 000
Vextir af skuldum erlendis	677 623 003
Kostnaður við seðla og mynt	70 355 658
Rekstrarkostnaður	263 540 125
Framlög til Reiknistofu bankanna	34 976 866
Þátttaka í kostnaði Þjóðhagsstofnunar	21 580 278
Framlag til Eftirlaunasjóðs starfsmanna	5 000 000
Gjöld til ríkissjóðs af gjaldeyrisviðskiptum	36 579 239
Landsútsvar og opinber gjöld	11 057 205
Afskrifað af bankabyggingum	20 000 000
Afskrifað af gengisbreytingareikningum	315 000 000
Arður af stofnfé	30 000 000
Hagnaður til ráðstöfunar	13 959 239
	<hr/>
	Kr. 4 083 523 986

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.*

*Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.*

Rekstrarreikningur árið 1975

<i>Tekjur</i>	Krónur
Vextir af endurkeyptum víxlum	850 010 599
Vextir af öðrum innlendum lánum.	2 857 823 981
Vextir af erlendum innstæðum og verðbréfum.	299 573 209
Tekjur af sölu gjaldeyris	40 506 260
Umboðslaun af erlendum yfirfærslum	20 459 139
Ýmsar tekjur	15 150 798

Kr. 4 083 523 986

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

Ragnar Ólafsson,
formaður.

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 6. maí 1976

Ólafur Jóhannesson,
viðskiptaráðherra.

Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs

<i>Eignir</i>	Krónur
Verðbréf kr. 521.596.647	
÷ Mótreikningur vegna togarlána — 368.047	521 228 600
Kröfur vegna vanskila á ábyrgðarlánunum	418 407 229
Kröfur vegna vanskila á lánum ríkissjóðs.	143 364 513
Ríkissjóður vegna togara.	468 803 004
Ríkissjóður, viðskiptareikningur.	27 541 425
Ýmsir viðskiptamenn	210 168 070
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu.	27 026 732 528
Bankainnstæður.	9 448 848
	28 825 694 217

Reykjavík, 5. maí 1976

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Jóhannes Nordal

Davíð Ólafsson

Guðmundur Hjartarson

Harald S. Andrésson

31. desember 1975

<i>Skuldir</i>		Krónur
Ýmsir viðskiptamenn		38 269 291
Skuldabréf ríkissjóðs til innheimtu		27 026 732 528
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll 01.01. 1975	kr. 1.469.694.698	
Mismunur rekstrarreiknings	— 296.913.320	
	<hr/>	
Afskrifaðar tapaðar kröfur	kr. 1.766.608.018 — 5.915.620	1 760 692 398
	<hr/>	
		<hr/>
		28 825 694 217

Framanritaðan efnahagsreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

Egill Símonarson,
endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi.

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs					Verðhækkanir f. f. ári í %			
	1971	1972	1973	1974	Bráðab.- tölur 1975	1972	1973	1974	1975
1. Einkaneyzla	35.144	44.140	59.235	90.630	119.360	14,0	26,0	43,0	48,0
2. Samneyzla	5.385	7.000	9.200	14.430	19.300	22,6	24,0	49,4	31,1
3. Fjármunamyndun	16.050	19.100	28.610	45.150	64.040	20,2	24,7	42,4	54,5
4. Birgðabreytingar ¹⁾	1.580	-840	-189	2.578	3.900
5. Innlend verðmætaráðstöfun (1 + 2 + 3 + 4)	58.159	69.400	96.856	152.788	206.600	17,1	25,5	42,9	47,6
6. Útflutningur vöru og þjónustu	22.373	26.205	37.390	48.080	72.190	6,2	31,0	29,5	47,4
7. Innflutningur vöru og þjónustu	26.233	27.960	40.025	63.610	93.570	5,1	20,4	40,4	64,0
8. Viðskiptajöfnuður (6 - 7)	-3.860	-1.755	-2.635	-15.530	-21.380
9. Verg þjóðarframl. (5 + 8)	54.299	67.645	94.221	137.258	185.220	17,5	31,8	41,0	38,1

	Á verðlagi ársins 1969					Magnaukning f. f. ári í %			
	1971	1972	1973	1974	Bráðab.- tölur 1975	1972	1973	1974	1975
1. Einkaneyzla	29.087	32.047	34.130	36.520	32.500	10,2	6,5	7,0	-11,0
2. Samneyzla	3.670	3.890	4.123	4.330	4.417	6,0	6,0	5,0	2,0
3. Fjármunamyndun	13.171	13.043	15.670	17.360	15.940	-1,0	20,1	10,8	-8,2
4. Birgðabreytingar ¹⁾	1.351	-787	-350	952	1.346
5. Innlend verðmætaráðstöfun (1 + 2 + 3 + 4)	47.273	48.193	53.573	59.162	54.203	1,9	11,2	10,4	-8,4
6. Útflutningur vöru og þjónustu	18.366	20.255	22.052	21.888	22.304	10,3	8,9	-0,7	1,9
7. Innflutningur vöru og þjónustu	-24.356	-24.699	-29.368	-33.250	-29.819	1,4	18,9	13,2	-10,3
8. Viðskiptajöfnuður (6 - 7)	-5.990	-4.444	-7.316	-11.362	-7.515
9. Verg þjóðarframleiðsla (5 + 8)	41.283	43.749	46.257	47.800	46.688	6,0	5,7	3,3	-2,3
10. Áhrif viðskiptakjara	2.802	2.849	4.814	3.680	1.446
11. Vergar þjóðartekjur	44.085	46.598	51.071	51.480	48.134	5,7	9,6	0,8	-6,5

2. tafla. Verðlag og kaupjald.

Visitölur, ársmeðaltöl 1969 = 100:	Framfærslu- kostnaður	Neyzluvöru- verðlag	Byggingar- kostnaður	Tímakaup ¹⁾
1971	120	123	130	142
1972	133	140	155	183
1973	163	175	192	225
1974	232	249	282	332
1975	346	374	420	438
Visitölur 1975, eftir mánuðum:				
Febrúar	289	311	-	-
Marz	-	-	381	388
Maí	332	354	-	-
Júní	-	-	-	422
Júlí	-	-	459	-
Ágúst	357	388	-	-
September	-	-	-	461
Nóvember	382	418	484	-
Desember	-	-	-	480

1) Á við samvegið meðaltal af verkafólki og iðnaðarmönnum.

3. tafla. Fjármunamyndunin.

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs				Á verðlagi ársins 1969			
	1972	1973	1974	Bráðab.- tölur 1975	1972	1973	1974	Bráðab.- tölur 1975
Fjármunamyndun, alls	19.100	28.610	45.150	64.040	13.043	15.670	17.360	15.940
Þar af:								
Innflutn. skipa og flugvéla	1.120	3.910	5.980	6.960	971	2.680	3.170	2.230
Þjósárvirkjanir	760	490	1.740	5.010	519	275	710	1.330
Álverksmiðja	830	240	170	180	616	140	70	50
Járnblendiverksmiðja	—	—	—	650	—	—	—	170
Önnur fjármunamyndun	16.390	23.970	37.260	51.240	10.937	12.575	13.410	12.160
Atvinnuvegir	8.910	13.140	20.800	26.210	6.578	7.920	9.205	7.260
Landbúnaður	1.300	1.860	2.920	3.900	927	1.025	1.140	990
Fiskveiðar	1.880	4.640	4.910	5.370	1.398	2.975	2.400	1.550
Vinnsla sjávarafurða	800	1.265	1.920	2.700	543	680	730	700
Iðnaður	2.370	1.805	2.770	4.430	1.723	1.040	1.150	1.240
Flutningatæki	1.010	1.380	3.650	4.530	872	940	1.880	1.380
Verzlun, skrifstofur, veitingar o. fl.	930	1.250	2.710	2.800	580	610	870	630
Ýmsar vélar og tæki	620	940	1.920	2.480	535	650	1.035	770
Íbúðarhús	4.120	7.740	10.200	13.360	2.569	3.775	3.270	3.020
Þar af fyrir Viðlagasjóð		(2.000)	(400)	(—)		(975)	(130)	(—)
Byggingar og mannvirki hins opinbera	6.070	7.730	14.150	24.470	3.896	3.975	4.885	5.660
Rafvirkjanir og rafveitur	1.680	1.800	4.100	10.190	1.095	920	1.470	2.500
Hita- og vatnsveitur	540	650	1.350	2.600	331	320	430	590
Samgöngumannvirki	2.350	3.480	5.450	7.080	1.535	1.855	1.945	1.530
Byggingar hins opinbera	1.500	1.800	3.250	4.600	935	880	1.040	1.040
Birgðabreytingar	-840	-189	2.578	3.900	—	—	—	—
Fjármunamyndun, ¹⁾ % af vergri þjóðarframleiðslu	27,0	30,2	34,8	36,7	—	—	—	—
Fjármögnun af innlendum sparnaði, % af vergri þjóðarframleiðslu	24,4	27,4	23,5	25,1	—	—	—	—
Fjármögnun af erlendum uppruna, % af vergri þjóðarframleiðslu	2,6	2,8	11,3	11,6	—	—	—	—

1) Birgðabreytingar taldar með.

4. tafla. Magn og verðvísitölur sjávarafurðaframleiðslu.

Magn:	(1965 = 100)				
	Frysting	Söltun	Mjöl- og lýsisvinnsla	Nýr og ísaður fiskur	Sjávarafurða- framl. samt.
1970	131,9	113,8	23,5	183,1	78,3
1971	133,3	114,7	22,2	159,7	73,5
1972	123,2	113,4	27,7	96,9	68,1
1973	120,8	111,9	37,8	106,6	72,7
1974	121,6	129,8	38,2	98,7	75,2
1975	124,0	136,9	41,0	49,4	77,1
Verð: ¹⁾					
1970	113,5	106,9	123,2	138,8	112,6
1971	151,7	135,7	122,1	141,0	141,0
1972	170,1	160,0	113,2	214,1	158,7
1973	219,4	215,4	251,1	309,4	227,9
1974	252,9	344,4	243,4	338,8	270,2
1975	228,6	319,6	91,0	353,7	238,6

1) Miðað við fast gengi krónunnar.

5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1971—1975.

Í millj. kr.	1971	1972	1973	1974	Bráðab.- tölur 1975
Vöruskiptajöfnuður	-4.340	-2.075	-3.160	-14.700	-20.600
Innfluttar vörur alls, f.o.b.	-17.518	-18.775	-29.180	-47.580	-68.040
Sérstakar fjárfestingarvörur	-2.994	-1.820	-4.830	-6.580	-8.430
Skip og flugvélar	-2.250	-1.130	-3.910	-5.980	-6.960
Vegna Þjósárvirkjana	-282	-130	-42	-560	-1.160
Vegna álbræðslu	-462	-560	-68	-40	-10
Vegna Kröfluvirkjunar	-	-	-	-	-300
Hús Viðlagasjóðs	-	-	-810	-	-
Rekstrarvörur vegna álbræðslu	-914	-990	-2.150	-3.220	-6.465
Almennur innflutningur	-13.610	-15.965	-22.200	-37.780	-53.145
(Par af ölia)	(-1.254)	(-1.292)	(-2.030)	(-5.710)	(-8.627)
Útflutningur alls, f.o.b.	13.178	16.700	26.020	32.880	47.440
(Par af ál)	(888)	(2.716)	(4.441)	(4.790)	(5.045)
Þjónustujöfnuður	480	320	525	-830	-780
Innflutt þjónusta, alls	-8.715	-9.185	-10.845	-16.030	-25.530
Útflutt þjónusta, alls	9.195	9.505	11.370	15.200	24.750
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði	-795	-1.050	-1.515	-2.260	-2.890
Tekjur af erlendum ferðamönnum	555	720	1.146	1.620	1.810
Útgjöld vegna samgangna	-4.650	-4.235	-4.500	-7.300	-10.470
Tekjur af samgöngum	4.950	4.790	5.200	7.100	13.230
Vaxtagjöld	-820	-1.150	-1.580	-2.400	-5.080
Vaxtatekjur	325	300	448	590	320
Útgjöld vegna trygginga	-1.400	-1.450	-1.500	-1.650	-2.150
Tekjur af tryggingum	1.200	1.280	1.250	1.350	1.640
Tekjur af varnarliði, nettó	1.295	1.435	1.836	2.205	4.190
Ýmis útgjöld	-1.050	-1.300	-1.750	-2.420	-4.940
(Par af vegna álbræðslu)	(-500)	(-706)	(-925)	(-1.090)	(-2.105)
Ýmsar tekjur	870	980	1.490	2.335	3.560
Viðskiptajöfnuður	-3.860	-1.755	-2.635	-15.530	-21.380
Framlög án endurgjalds, nettó	-10	20	1.450	60	-95
Fjármagnsjöfnuður	5.207	2.320	2.340	9.870	16.675
Til útlanda, alls	-1.446	-3.176	-3.775	-4.405	-10.845
Frá útlöndum, alls	6.653	5.496	6.115	14.275	27.520
Erlent einkafjármagn til fjárfestingar	718	820	195	170	370
Erlent einkafjármagn (rekstrarfé)	1.008	-580	-415	1.145	6.090
Afborganir af lánum einkaaðila	-814	-961	-965	-1.400	-2.160
Innkomin lán einkaaðila	2.204	752	1.265	4.070	2.390
Stuttar fjármagnshreyfingar einkaaðila, nettó	175	-480	-1.400	-945	-4.080
Afborganir af opinberum lánum	-432	-775	-605	-1.230	-2.050
Innkomin opinber lán	1.529	2.867	2.610	5.740	11.875
Stuttar opinberar hreyfingar, nettó	158	-150	-10	-80	-860
Afborganir af lánum lánastofnana	-200	-230	-380	-750	-1.695
Innkomin lán lánastofnana	649	1.057	1.745	2.570	6.795
Framlag Norðurlanda til Iðnþróunarsjóðs	212	-	300	580	-
Sérstök dráttarréttindi við IMF	217	215	-	-	-
Skekkjur og vantalið, nettó	-61	-133	-155
Heildargreiðslujöfnuður	1.493	667	1.000	-5.600	-4.800
Gjaldeyrstengdir liðir	186	-545	-375	-670	-5.140
Skuldir Seðlabanka í frjálsum gjaldeyri	387	-574	390	-1.680	-5.770
Vöruskiptareikningar	-108	126	-820	80	80
Viðskiptabankar, nettó	-93	-97	55	930	550
Gjaldeyrisforði Seðlabankans	1.307	1.212	1.375	-4.930	340
Umreikningsgengi miðað við bandarískan dollar	87,61	87,12	89,67	99,84	153,63

6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsfirlit 1974—1975.

Í millj. kr.	1974				1975			
	I.	II.	III.	IV.	I.	II.	III.	IV.
Vöruskiptajöfnuður	-2.805	-2.435	-4.415	-5.045	-8.630	-2.955	-4.340	-4.675
Innfluttar vörur alls, f.o.b.	-8.730	-11.900	-12.765	-14.185	-15.560	-17.495	-16.260	-18.725
Sérstakar fjárfestingarvörur	-1.125	-2.225	-1.745	-1.485	-2.440	-1.537	-2.223	-2.230
Skip og flugvélar	-1.000	-2.150	-1.510	-1.320	-2.390	-1.135	-1.655	-1.780
Vegna Þjórsárvirkjana	-125	-75	-225	-135	-50	-300	-460	-350
Vegna Kröfluvirkjunar	-	-	-	-	-	-100	-100	-100
Vegna álbræðslu	-	-	-10	-30	-	-2	-8	-
Rekstrarvörur vegna álbræðslu	-705	-475	-1.040	-1.000	-1.440	-2.828	-527	-1.670
Almennur innflutningur	-6.900	-9.200	-9.980	-11.700	-11.680	-13.130	-13.510	-14.825
(Þar af olía)	(-705)	(-1.449)	(-1.256)	(-2.300)	(-2.008)	(-1.593)	(-2.040)	(-2.986)
Útflutningur alls, f.o.b.	5.925	9.465	8.350	9.140	6.930	14.540	11.920	14.050
(Þar af ál)	(1.276)	(1.214)	(1.397)	(903)	(930)	(365)	(1.590)	(2.160)
Þjónustujöfnuður	-160	-640	395	-425	-455	205	1.335	-1.865
Innflutt þjónusta, alls	-2.135	-3.710	-5.265	-4.920	-4.560	-5.630	-7.380	-7.960
Útflutt þjónusta, alls	1.975	3.070	5.660	4.495	4.105	5.835	8.715	6.095
Útgj. af ferða- og dvalarkostn.	-310	-555	-915	-480	-450	-640	-1.200	-600
Tekjur af erl. ferðamönnum	130	250	750	490	170	420	875	345
Útgj. vegna samgangna	-640	-1.760	-2.780	-2.120	-1.920	-2.270	-3.320	-2.960
Tekjur af samgöngum	560	1.460	2.880	2.200	1.960	3.100	5.260	2.910
Vaxtagjöld	-400	-465	-450	-1.085	-955	-1.085	-930	-2.110
Vaxtatekjur	170	120	180	120	125	50	115	30
Útgj. vegna trygginga	-360	-380	-440	-470	-500	-550	-520	-580
Tekjur af tryggingum	320	350	330	350	420	450	340	430
Tekjur af varnarliði, nettó	345	400	935	525	495	905	1.275	1.515
Ýmis útgjöld	-425	-550	-680	-765	-735	-1.085	-1.410	-1.710
(Þar af vegna álbræðslu)	(-225)	(-235)	(-300)	(-330)	(-360)	(-565)	(-390)	(-790)
Ýmsar tekjur	450	490	585	810	935	910	850	865
Viðskiptajöfnuður	-2.965	-3.075	-4.020	-5.470	-9.085	-2.750	-3.005	-6.540
Framlög án endurgjalds, nettó	-10	10	40	20	-60	-5	-	-30
Fjármagnsjöfnuður	675	1.565	880	6.750	4.845	3.835	1.515	6.480
Til útlanda, alls	-1.020	-1.640	-2.385	-1.240	-940	-3.675	-5.760	-2.635
Frá útlöndum, alls	1.695	3.205	3.265	7.990	5.785	7.510	7.275	9.115
Erl. einkafjárm. til fjárf.	45	25	35	65	20	45	230	75
Erl. einkafjárm. (rekstrarfj.)	-25	-215	430	955	1.345	3.535	-35	1.245
Afb. af lánum einkaaðila	-235	-310	-365	-490	-410	-505	-685	-560
Innkomin lán einkaaðila	450	1.830	1.420	370	490	425	995	480
Stuttar fjárm.hreyf. einkaaðila	-370	-225	-1.660	1.310	840	-1.540	-3.630	250
Afb. af opinberum lánum	-275	-360	-105	-490	-240	-870	-145	-795
Innkomin opinber lán	140	1.100	615	3.885	1.065	1.450	4.570	4.790
Stuttar opinb. hreyf., nettó	280	-340	-70	50	1.040	-300	-850	-750
Afb. af lánum lánastofnana	-115	-190	-185	-260	-290	-460	-415	-530
Innkomin lán lánastofnana	775	250	660	885	985	2.055	1.480	2.275
Framl. til Iðnr.sjóðs	5	-	105	470	-	-	-	-
Sérstök dráttarréttindi við IMF	-	-	-	-	-	-	-	-
Skekkjur og vantalið, nettó
Heildargreiðslujöfnuður	-2.300	-1.500	-3.100	1.300	-4.300	1.080	-1.490	-90
Gjaldeyrstengdir liðir	-200	-1.010	100	440	-2.640	-20	-1.320	-1.160
Skuldir Seðlab. í frj.gjald	70	-240	-440	-1.070	-3.440	-50	-890	-1.390
Vöruskiptareikningar	-170	-880	80	1.050	1.190	-300	-10	-800
Viðskiptabankar, nettó	-100	110	460	460	-390	330	-420	1.030
Gjaldeyriforði Seðlabankans	-2.100	-490	-3.200	860	-1.660	1.100	-170	1.070
Umreikningsengi miðað við bandarískan dollar	86,15	90,87	104,03	117,63	134,16	151,37	159,35	167,28

7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna.¹⁾

Seðlabankinn

Í millj. kr.	Frjáls gjaldeyrir og gull				Vöruskipta- reikningar, nettóeign (5)	Viðskipta- bankar, nettó- eign (6)	Heildar- gjaldeyris- staða bankanna (7)	Umreiknings- gengi miðað við bandar. dollar (8)
	Gjald- eyris- fordi ²⁾ (1)	Alþjóða- stofnanir, skuldir ³⁾ (2)	Aðrar skuldir (3)	Nettó- eign (4)				
Árslok 1962	1.371	–	–31	1.340	34	–224	1.150	42,95
– 1963	1.483	–	–37	1.446	85	–220	1.311	42,95
– 1964	1.887	–	–11	1.876	–69	–214	1.593	42,95
– 1965	2.318	–	–3	2.315	–248	–155	1.912	42,95
– 1966	2.498	–	–82	2.416	–188	–313	1.915	42,95
– 1967	2.012	–214	–252	1.546	–30	–475	1.041	56,93
– 1968	2.512	–1.100	–125	1.287	–152	–833	302	87,90
– 1969	3.429	–991	–328	2.110	–108	–14	1.988	87,90
– 1970	4.727	–155	–912	3.660	–77	–320	3.263	87,90
– 1971	6.034	–	–680	5.354	–185	–413	4.756	87,12
– 1972	8.223	–	–1.405	6.818	–67	–571	6.180	97,60
– 1973	8.406	–	–884	7.522	–833	–447	6.242	83,60
1974:								
Janúar	8.092	–	–694	7.398	–935	–674	5.789	87,00
Febrúar	7.045	–	–736	6.309	–763	–1.049	4.497	85,40
Marz	6.706	–	–844	5.862	–1.003	–562	4.297	86,50
Apríl	6.581	–	–763	5.818	–1.324	–756	3.738	88,30
Mai	6.238	–	–1.131	5.107	–1.715	–595	2.797	93,80
Júní	6.689	–	–1.165	5.524	–1.877	–495	3.152	94,60
Júlí	6.339	–	–1.300	5.039	–2.049	–334	2.656	96,20
Ágúst	5.052	–	–1.852	3.200	–1.762	–11	1.427	98,20
September	5.126	–	–1.940	3.186	–1.799	–94	1.293	118,30
Október	4.921	–	–1.978	2.943	–1.809	227	1.361	117,70
Nóvember	4.882	–	–2.146	2.736	–2.048	253	941	117,00
Desember	5.745	–2.249	–768	2.728	–1.179	365	1.914	118,30
1975:								
Janúar	4.633	–2.300	–1.652	681	–1.620	–177	–1.116	118,60
Febrúar	5.873	–3.230	–1.994	649	–2.426	–225	–2.002	149,20
Marz	5.394	–3.216	–4.441	–2.263	–523	8	–2.778	149,40
Apríl	5.431	–3.210	–4.449	–2.228	–121	–168	–2.517	150,60
Mai	6.049	–3.259	–4.303	–1.513	44	–152	–1.621	152,00
Júní	6.581	–3.302	–4.474	–1.195	–709	381	–1.523	154,10
Júlí	7.965	–5.941	–3.432	–1.408	–825	334	–1.899	158,70
Ágúst	7.473	–5.980	–3.143	–1.650	–682	206	–2.126	160,50
September	6.650	–6.000	–2.853	–2.203	–766	–43	–3.012	164,50
Október	6.842	–6.159	–3.484	–2.801	–795	168	–3.428	165,50
Nóvember	6.726	–6.211	–3.871	–3.356	–1.129	–196	–4.681	169,10
Desember	7.988	–6.268	–4.372	–2.652	–1.712	985	–3.379	170,60

1) Miðað er við skráð gengi á hverjum tíma. 2) Þ.e. gulleign, sérstök dráttarréttindi við IMF og gullframlag til IMF, að því leyti sem ekki hefur verið dregið á gullframlagið, verðbréf, vixlar og innstæður hjá erlendum bönkum. 3) Þ.e. IMF og EMA.

8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun.
(C.i.f.-verð í millj. kr.)

	Neyzluvörur	Rekstrarvörur	Fjárfestingarvörur	Samtals	Umreikningsgengi miðað við bandar. dollar
1966	2.747	1.382	2.724	6.853	43,00
1967	2.685	1.371	3.000	7.056	43,00
1968	2.955	1.858	3.072	7.885	57,00
1969	4.084	3.046	3.726	10.856	88,00
1970	5.017	4.499	4.337	13.853	88,00
1971	6.305	5.525	7.532	19.362	88,00
1972	7.486	5.873	7.067	20.426	88,00
1973	10.249	8.998	12.627	31.874	90,02
1974	15.987	17.444	19.148	52.579	100,24
1975	21.216	27.946	25.911	75.073	154,03

9. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokka.
(F.o.b.-verð í millj. kr.)

	Sjávarvörur	Landbúnaðarvörur	Iðnaðarvörur	(Þar af ál)	Aðrar vörur	Samtals	Umreikningsgengi miðað við bandar. dollar
1966	5.595	249	61	(-)	137	6.042	43,00
1967	3.789	254	68	(-)	99	4.210	43,00
1968	4.118	406	71	(-)	93	4.688	51,00
1969	7.736	591	850	(591)	289	9.466	88,00
1970	10.111	423	2.228	(1.708)	153	12.915	88,00
1971	11.056	400	1.600	(888)	119	13.175	88,00
1972	12.320	515	3.651	(2.716)	211	16.697	88,00
1973	19.190	765	5.785	(4.441)	299	26.039	89,67
1974	24.592	945	6.534	(4.789)	806	32.877	99,84
1975	37.339	1.374	8.056	(5.047)	668	47.437	153,63

10. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við.
(Í millj. kr.)

	Föst lán	Stutt vörukauplán	Ógreiddur útflutn.	Gjald-eyrisstaða	Nettóstaða við útlönd	Umreikningsgengi miðað við bandar. dollar
1966	-4.520	-673	800	1.915	-2.478	42,95
1967	-6.576	-743	695	1.041	-5.583	56,93
1968	-11.467	-1.102	1.763	302	-10.504	87,90
1969	-11.726	-1.270	1.110	1.988	-9.898	87,90
1970	-11.095	-1.719	763	3.263	-8.788	87,90
1971	-14.445	-1.888	700	4.756	-10.877	87,12
1972	-17.246	-2.240	1.182	6.180	-12.124	97,60
1973	-20.929	-3.183	2.030	6.242	-15.840	83,60
1974	-41.442	-5.904	3.040	1.914	-42.392	118,30
1975	-72.640	-7.374	4.730	-3.379	-78.663	170,60

11. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum.

Í millj. kr.	Innflutningur (c.i.f.)				Útflutningur (f.o.b.)			
	1972	1973	1974	1975	1972	1973	1974	1975
Alls	20.420	31.856	52.570	75.062	16.698	26.039	32.877	47.437
EFTA	3.914	7.257	10.623	15.643	2.847	4.168	7.469	9.031
Austurríki	100	150	304	414	158	211	65	27
Finnland	474	927	1.449	1.742	334	482	387	891
Noregur	1.249	3.274	4.437	7.957	207	401	1.064	884
Portúgal	120	115	216	343	895	1.208	3.389	5.584
Sviss	493	359	524	674	773	1.237	1.880	801
Svíþjóð	1.478	2.432	3.693	4.513	480	629	684	1.044
EBE	10.737	13.912	23.561	33.699	5.405	10.014	9.459	11.731
Belgía	550	839	1.083	1.902	139	482	296	366
Bretland	3.025	3.448	5.716	8.007	1.824	2.751	2.805	4.718
Danmörk	2.096	2.842	4.966	7.536	888	2.012	1.903	1.841
Frakkland	506	508	1.094	1.968	188	208	304	391
Holland	1.240	2.122	3.526	5.101	129	500	288	234
Írland	15	19	29	66	4	30	4	0
Ítalía	373	496	754	1.045	774	951	973	1.121
Luxemburg	4	9	40	30	0	2	1	46
Vestur-Þýzkaland	2.928	3.629	6.353	8.044	1.458	3.078	2.885	3.014
Austur-Evrópa	2.114	2.840	7.054	9.306	1.921	2.188	4.141	6.354
Austur-Þýzkaland	68	68	129	142	89	23	309	45
Búlgaría	5	10	13	11	1	2	12	3
Pólland	582	403	1.373	705	379	995	1.094	584
Rúmenía	4	6	8	8	4	6	6	22
Rússland	1.180	2.037	5.000	7.781	1.219	932	2.501	5.051
Tékkóslóvakía	260	299	515	624	187	155	179	641
Ungverjaland	15	17	16	35	42	75	40	8
Önnur Evrópulönd	82	1.048	1.375	877	716	1.420	2.324	2.932
Færeyjar	8	354	30	46	82	137	231	246
Grikkland	2	2	3	7	134	240	424	571
Júgóslavía	4	6	34	111	21	43	185	59
Spánn	65	679	1.296	702	380	732	1.480	2.053
Tyrkland	3	7	12	11	99	268	4	3
Norður-Ameríka	1.693	2.445	4.418	7.103	5.137	6.942	7.307	13.958
Bandaríkin	1.632	2.372	4.169	6.952	5.116	6.918	7.264	13.885
Kanada	61	73	249	151	21	24	43	73
Ástralía	16	1.157	2.768	4.401	29	16	14	15
Brasília	192	283	308	615	178	204	199	244
Ísrael	32	33	44	70	21	2	1	-
Japan	795	2.241	1.397	1.734	136	742	1.369	435
Kína	20	25	49	72	97	128	15	1.798
Nígíría	2	3	4	3	96	8	58	632
Panama	19	21	24	50	20	32	83	55
Önnur lönd	804	591	945	1.489	95	175	438	252
Umreikningsgengi miðað v'ð bandar. dollar	87,67	90,02	100,24	154,03	87,37	89,67	99,84	153,63

12. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkisins.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur					
	1969	1970	1971	1972	1973	1974
Tekjur alls	7.455	9.800	13.258	18.530	24.876	37.721
Gjöld alls	7.590	9.351	13.534	18.395	25.129	41.008
Tekjuhalli (-)/afgangur	-135	449	-276	135	-253	-3.287
Lánveitingar, nettó	-151	-13	-162	-8	12	-43
Fjármagnsbörf(-)/afgangur	-286	436	-438	127	-265	-3.330
<i>Fjármögnun:</i>						
Lántökur, nettó	207	213	430	622	693	830
Lausaskuldir, nettó	-459	160	-134	632	729	-891
Greiðsluafgangur/halli(-)	438	489	142	117	301	-3.391
Staðan gagnvært Seðlabankanum	511	431	208	58	364	-3.514
Viðskiptareikningar	148	303	485	991	679	-3.294
Vixlar (aukning -)	-	-	-	-	-	-
Skuldabréf (aukning -)	-659	128	277	-933	315	-220
Bankainnstæður og síðður	-27	8	66	9	63	123

13. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur						Úr fjárlögum	
	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Beinir skattar	1.515	1.727	2.457	4.939	6.438	7.135	8.845	9.967
Tekju- og eignarskattar	641	1.048	1.473	4.317	5.709	5.937	7.392	7.888
Persónuskattar	63	668	968	605	729	1.198	1.453	2.079
Aðrir beinir skattar	11	11	16	17	-	-	-	-
Óbeinir skattar	5.819	7.834	10.631	13.378	18.146	30.195	38.357	49.661
Skattar af framleiðslu, neyðlu og innlend- um viðskiptum	2.356	3.681	4.796	6.152	8.148	15.515	21.477	30.108
Skattar af framleiðslu	105	152	171	192	226	376	490	2.629
Söluskattur	1.501	2.654	3.517	4.300	5.716	11.863	16.790	21.430
Rekstrarhagnaður Á.T.V.R.	750	875	1.108	1.660	2.206	3.276	4.147	6.049
Gjöld af verzlun og viðskiptum við útlönd	2.927	3.451	4.704	5.723	8.024	11.454	12.722	13.757
Aðflutningsgjöld, almenn	2.351	2.877	3.817	4.530	6.365	9.136	9.815	10.655
Bifreiðaskattur	201	150	259	474	684	1.110	1.069	1.335
Innflutningsgjald af benzini og gúmmi- gjald	375	424	628	719	975	1.208	1.838	1.767
Aðrir óbeinir skattar	536	702	1.131	1.503	1.974	3.226	4.208	5.796
Stimpilgjald	190	223	289	308	428	584	713	953
Skattar af bankaviðskiptum	44	86	98	137	193	326	411	446
Launaskattur	160	225	554	834	1.092	1.955	2.400	3.072
Annað	142	168	190	224	261	361	684	1.325
Aðrar tekjur	121	239	170	213	292	391	424	714
Arðgr frá fyrirtækjum og síðum	52	63	63	87	73	67	127	198
Ýmsar tekjur	69	176	107	126	219	324	297	516
Tekjur alls	7.455	9.800	13.258	18.530	24.876	37.721	447.626	60.342

14. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum.

Í millj. kr.	Úr ríkisreikningi – rekstrargrunnur						Úr fjárlögum	
	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976
Almenn mál	875	1.193	1.490	2.174	2.977	4.570	4.689	5.992
Almenn stjórn og löggæzla	697	931	1.156	1.809	2.513	3.789	3.819	4.806
Útanríkisþjónusta	112	178	191	185	237	334	438	614
Styrktarfé og eftirlaun	66	84	143	180	227	447	432	572
